



Ársskýrsla

Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

2017-2018

Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2017-2018

Ritstjórar: Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Forsíðumynd er tekin af Sigurbjörgu Friðriksdóttur í skógarferð 1. bekkjar og stjörnuhóps

Skýrslan er aðgengileg á vef Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	6
2.1	Hagnýtar upplýsingar um skólann	6
2.2	Breytingar og viðhald	6
3	Skóladagatöl 2017-2018	7
3.1	Skóladagatal Skýjaborgar	7
3.2	Skóladagatal Heiðarskóla	8
4	Starfsmenn	9
4.1	Breytingar í starfsmannahópnum	11
4.2	Stjórnun og verkaskipting	12
4.3	Verkefnastjórástöður skólaárið 2017-2018	12
4.4	Upplýsingaflæði	12
4.5	Skipulagsdagar	12
4.6	Fundir	13
4.7	Símenntun	14
4.7.1	Námskeið og ráðstefnur	14
5	Áherslur vetrarins 2017-2018	16
5.1	Skólanámskrá	16
5.2	Umhverfismennt	16
5.2.1	Umhverfismennt í Skýjaborg	17
5.2.2	Umhverfismennt í Heiðarskóla	17
5.3	Skólasamstarf	20
6	Mat á skólastarfi	22
6.1	Innra mat	22
6.1.1	Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla	22
6.1.2	Sjálfsmatsáætlun Skýjaborgar	22
6.1.3	Starfsmannasamtöl	23
6.2	Ytra mat	24
7	Nám og kennsla	27
7.1	Fjöldi barna í Heiðarskóla	27
7.2	Fjöldi barna í Skýjaborg	27
7.3	Sameiginlegar skýrslur 2017-2018	28
7.3.1	Skýrsla sérkennara	28
7.4	Skýrslur Heiðarskóla 20167– 2018	31

7.4.1	Teymisskýrslur yngsta stig vorið 2018.....	31
7.4.2	Teymisskýrsla – miðstig.....	34
7.4.3	Teymi unglingadeildar skólaárið 2017 - 2018.....	36
7.4.4	Teymisskýrsla List- og verkefnateymis vorið 2018.....	40
7.4.5	Skólaíþróttir 2018.....	42
7.4.6	Skýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2017-2018.....	44
7.4.7	Skýrsla frá starfsfólki í tómstund 2017-2018.....	45
7.4.8	Skýrsla frá starfsfólki í Frístund.....	46
7.4.9	Skýrsla frá bókasafni Heiðarskóla.....	47
7.4.10	Samantekt tölvuumsjónarmanns.....	49
7.4.11	Samantekt húsvarðar.....	49
7.4.12	Samantekt matráða.....	49
7.5	Skýrslur Skýjaborgar 2017-2018.....	49
7.5.1	Leikskólastarf í Skýjaborg.....	49
7.6	Dagar og viðburðir á skólaárinu.....	52
7.6.1	Sameiginlegir dagar og viðburðir.....	52
7.6.2	Skýjaborg.....	52
7.6.3	Heiðarskóli.....	56
8	Foreldrasamstarf.....	59
8.1	Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.....	59
8.2	Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.....	59
9	Fagfundir.....	61
9.1	Sameiginlegur fagfundur – fyrir hvað stendur Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar?.....	61
9.2	Fagfundir í Skýjaborg.....	61
9.2.1	Stærðfræði í Skýjaborg.....	61
9.3	Fagfundir í Heiðarskóla.....	63
9.3.1	Skóli fyrir öll börn.....	63
10	Heiðarborg.....	66
11	Viðhengi 1 - Starfsmannasamtöl Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2017-2018.....	67

1 Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starfsemi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2017-2018. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið. Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einum eða öðrum hætti, skólastjórar, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, ritstýra verkinu.

Skýrslan er send til fræðslu- og skólanefndar, til skólaráðs og foreldrafélags, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Hvalfjarðarsveit, 2018

Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla

2 Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og útinám. Unnið er með byrjenda- og leikskólalæsi. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í miðju íbúðahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólastarfinu. Unnið er eftir hugmyndafræði Johns Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er grunnskóli með um 90 – 100 nemendur í 1. - 10. bekk. Árið 2011 var skólinn fluttur í nýtt húsnæði. Skólinn stendur við Leirá, stutt er í ósnortna náttúru og skemmtileg skólalóð er við skólann. Í skólanum er lögð áhersla á umhverfismennt, spjaldtölvunotkun og uppbyggingu sjálfsga - uppeldi til ábyrgðar.

2.1 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Heimasíða: www.skoli.hvalfjardarsveit.is

Grunnskólasvið:
Heiðarskóli
301 Akranes
s: 433 8525
Skólastjóri: Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Leikskólasvið:
Skýjaborg
Innrimel 1, 301 Akranes
s: 433 8530
Skólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

2.2 Breytingar og viðhald

Skýjaborg: Á haustmánuðum 2017 var sett upp ný yngri barna lóð. Fín leiktæki við hæfi 1-3 ára barna. Lóðin var hækkuð upp til að gera hana lárétta, við það kom grjóttgarður nálægt grindverki. Á þessu fjárhagsári á að laga grindverkið, taka tréverk og setja járngirðingu, en það hefur ekki verið gert enn. Einnig er grjóttgarðurinn byrjaður að brotna og þörf á að laga það. Sumarið 2018 var guli geymslukofi fjarlægður og annar stærri settur í staðinn. Eldrihluti (regnboginn) og rekkverkið á milli lóða fúavarið. Regnboginn málaður að innan. Sumar 2018 kom nýtt helluborð í eldhúsi. Kastalinn og klifurgrindin var máluð.

Heiðarskóli: Þrífamálun á forstofu á efri hæð. Gangur á efri hæð og stofur 203 og 204 verða máluð síðar á árinu.

Heiðarborg: Gólf slípuð við sundlaug og halli á gólfi lagaður í karlaklefa.

3 Skóladagatöl 2017-2018

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar gefur út tvö skóladagatöl, eitt fyrir Skýjaborg og annað fyrir Heiðarskóla. Skóladagatölin eru samræmd eins og kostur er til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á auknu samstarfi milli sviða. Skóladagatölin eru samþykkt af Skólaráði og Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar að vori.

3.1 Skóladagatal Skýjaborgar

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2017 - 2018

Nafn skóla: Skýjaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Fúlbólddagurinn	1 M Nýjrsdagur	1 F	1 F	1 S Þrjátíðingur	1 Þ Vorkalshódagurinn	1 F	1 S
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F Dagur stenthráðinnar	2 F	2 M Anna í þökkum	2 M Vorkali	2 L	2 M
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 F Vorkali	3 S Þýðningardagurinn	3 Þ
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Hálfur startíðingur	4 S	4 S	4 M	4 F Vorkali	4 M	4 M
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M Fúlbóldur	6 L Hvításkólinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F
7 M Fíddagur umboðsmanns	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 L
8 Þ startíðingur – getið hafið fyrst opnum	8 F Dagur tess	8 S	8 M Barndagur þess sem	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S
9 M Þekktur afur eftir namni	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L	9 M Sumartíðingurinn
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 F Úppistgripardagurinn	10 S	10 Þ
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M	11 M
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Sveldingur	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F
13 S	13 M	13 F Hálfur startíðingur	13 M	13 M Litlu júlín	13 L	13 Þ Sprengingurinn	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F
14 M Skóladagurinn	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Öskudagurinn	14 M	14 L	14 M	14 F	14 L
15 Þ Samgripur startíðinga	15 F Startíðingurinn	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F Startíðingurinn	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S
16 M	16 L Dagur leikskólans	16 M	16 F Dagur leikskólans	16 L	16 Þ	16 F Konur	16 F	16 M	16 M	16 L	16 M
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 S Útheldingurinn	17 Þ
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konur	18 S	18 M	18 F	18 M	18 M
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Klóningurinn / Konur	19 M	19 M	19 F Sumartíðingurinn fyrsti	19 L	19 Þ	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F Húsbændingurinn	20 M	20 F	20 F
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L Anna í hléinu	21 F	21 L	21 L
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Hvításkólinn	23 Þ	23 F	23 F	23 M Startíðingurinn	23 M Hvításkólinn	23 L	23 M
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aftangangurinn	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagurinn	25 F	25 S	25 S Þátturinn	25 M	25 F	25 M	25 M
26 L	26 Þ Eiríksdagurinn	26 F	26 S	26 Þ Anna í þökkum	26 F	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F
27 S	27 M	27 F Aftangangurinn	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 L
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 Þ	29 Þ	29 F Skóladagurinn	29 Þ	29 F	29 S
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 F Fúlbóldurinn	30 M	30 M	30 L	30 M
31 F	31 Þ	31 M	31 S	31 S Gættíðingurinn	31 M	31 L	31 L	31 F	31 F	31 Þ	31 Þ

3.2 Skóladagatal Heiðarskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2017 - 2018										Nafn skóla: Heiðarskóli	
Ár	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Máí	Júní	Júlí	Ágúst	Septembar	Oktober	Novembar	Desember	Janúar
1. M	1. J	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M
2. M	2. J	2. F	2. S	2. M	2. F	2. S	2. M	2. F	2. S	2. M	2. F	2. S	2. M
3. F	3. J	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M
4. F	4. M	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F
5. S	5. F	5. S	5. M	5. F	5. S	5. M	5. F	5. S	5. M	5. F	5. S	5. M	5. F
6. S	6. M	6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. M
7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F
8. F	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M	8. F	8. S
9. M	9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F
10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S
11. F	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M
12. S	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. S	12. M
13. S	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. M
14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F
15. F	15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S
16. M	16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F
17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S
18. F	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M
19. S	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F	19. S	19. M
20. M	20. F	20. S	20. M	20. F	20. S	20. M	20. F	20. S	20. M	20. F	20. S	20. M	20. F
21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F
22. S	22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M
23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F
24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S
25. F	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M
26. S	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F	26. S	26. M
27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M
28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F
29. F	29. S	29. M	29. F	29. S	29. M	29. F	29. S	29. M	29. F	29. S	29. M	29. F	29. S
30. M	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S	30. M	30. F
31. F	31. S	31. M	31. F	31. S	31. M	31. F	31. S	31. M	31. F	31. S	31. M	31. F	31. S

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4 Starfsmenn

Heildarfjöldi þeirra starfsmanna sem störfuðu við skólann var 45, en þar af tveir starfsmenn sem voru í leyfi eða hættu strax um haustið. Hér má sjá yfirlit starfsfólks og stöðugildi í skólanum.

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðninga rhlutfall	Athugasemdir:
	Heiðarskóli:			
1	Arna Kristín Sigurðardóttir	Sérkennari/umsjónarkennari	93	
2	Árdís Hauksdóttir	Skólaliði	91	
3	Ásrún Ösp Jóhannesdóttir	Skólaliði	88	Hóf störf 1. febrúar 2018 – hætti störfum 7. júní 2018
4	Berglind Bergsdóttir	Umsjónarkennari á miðstigi	100	
5	Berglind Sigurðaróttir	Stuðningsfulltrúi	100	
6	Birgitta Guðnadóttir	Skólaliði	76	Hætti störfum 31. Janúar 2018
7	Bjarni Guðjónsson	Húsvörður og baðvarsla	80	
8	Dóra Líndal Hjartardóttir	List og verkgreinar	46	
9	Einar Sigurdór Sigurðsson	Umsjónarkennari á miðstigi trúnaðarmaður kennara	100	
10	Helena Bergström	List- og verkgreinar, stærðfræði á yngsta stigi og umsjón með Grænfána	100	
11	Helga Harðardóttir	Íþróttakennari	100	
12	Hrafnhildur Maren Ýr Árnadóttir	Leyfi allt skólaárið	100	
13	Hugrún Olga Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari á unglingastigi	100	
14	Jóhanna S Vilhjálmsdóttir	Stuðningsfulltrúi	100	
15	Jónella Sigurjónsdóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi og umsjón með bókasafni	100	
16	Katrín Guðmundsdóttir	Matráður	100	
17	Katrín Rós Sigvaldadóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi og námsráðgjöf	100	
18	Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	100	Þar af 20 % í Skýjaborg
19	Sigríður Björk Kristinsdóttir	List og verkgreinar og val á unglingastigi	80	
20	Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100	
21	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Skólastjóri og kennsla á unglingastigi	100	
22	Sigurður Þ. Sigurbórsson	Aðstoðarskólastjóri og kennsla á yngsta stigi	100	
23	Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari á miðstigi	100	
24	Sólrun Jørgensdóttir	Starfsmaður í íþróttamiðstöð og baðvarsla	100	
25	Sunneva Hlín Skúladóttir	Skólaliði	91	
26	Örn Arnarson	Umsjónarkennari á unglingastigi	100	
27				
28				

		Stöðugildi starfsmanna Heiðarskóla samtals:	24,45	
		Starfandi stöðugildi starfsmanna Heiðarskóla	22,49	
	Nafn	Starfsheiti:	Ráðninga rhlutfall	Athugasemdir:
	Skýjaborg:			
1	Aurelia Solovei	Leiðbeinandi	100	Lausráðin
2	Ásbjörn Baldvinsson	Leiðbeinandi		Veikindaafleysing í 7 vikur
3	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100	
4	Guðbjörg G. Benjamínsdóttir	Matráður	100	
5	Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir	Aðstoðarleikskólastjóri	100	
6	Guðný Kristín Guðnadóttir	Leiðbeinandi	100	Lausráðin
7	Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	75	
8	Hannessína Ásdís Ásgeirsdóttir	Ræstítæknir	38	
9	Ingibjörg Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	20	Afleysingar
10	Júlía Skúladóttir	Leiðbeinandi		Afleysingar
11	Kristín Ása Hjálmsdóttir	Leiðbeinandi	100	Fæðingarorlof frá febrúar
12	Kristín Ósk Karlsdóttir	Þroskajálfi	100	Hætti störfum í janúar
13	Magnea Sigríður Guttormsdóttir	Deildarstjóri	90	Í veikindaleyfi í allan vetur
14	Ragna Ívarsdóttir	Leiðbeinandi	100	Hóf störf í janúar
15	Sara Björg Bjarnadóttir	Leiðbeinandi	50	Vann frá lok jan – lok mars
16	Sigrún Bára Gautadóttir	Leiðbeinandi	50	Vann frá lok mars til sumarlokunar
17	Sigurbjörg Friðriksdóttir	Deildarstjóri Regnbogans	82,5	
18	Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100	
19	Vigdís Erla Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	100	Vann frá jan-júlí
		Stöðugildi starfsmanna Skýjaborgar samtals:	9,45	

Stöðugildi í Skýjaborg reiknaðist eftirfarandi fyrir skólaárið 2017-2018:

Stjórnun	1,1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	6,038
Sérkennsla	0,25
Afleysing v. undirbúnings	0,4
Afleysing 8,33%	0,69
ALLS	9,47

Stöðugildi í Skýjaborg hækkaði um 0,5 í febrúar vegna fjölgunar barna.

Sérkennsluþörf leikskólans skiptist eftirfarandi: 0,25 stöðugildi vegna tveggja tvítyngdra barna. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

4.1 Breytingar í starfsmannahópnum

Haustið 2017 tóku gildi breytingar á skipuriti skólans. Lagt var niður starf skólastjóra yfir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og sviðsstjóra sviðanna. Sigríður Lára Guðmundsdóttir var ráðin skólastjóri grunnskólasviðs, Heiðarskóla. Eyrún Jóna Reynisdóttir var ráðin skólastjóri leikskólasviðs, Skýjaborgar. Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir var ráðin sem aðstoðarleikskólastjóri Skýjaborgar. Sigurður Þ. Sigurpórsson var ráðinn aðstoðarskólastjóri Heiðarskóla.


Við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar var Kristín Ósk Karlsdóttir þroskaþjálfari ráðin, 80% í leikskóla og 20% í grunnskóla. Hún hætti störfum um áramót, ekki fékkst annars þroskaþjálfari til starfa. Var Vigdís Erla Sigmundsdóttir ráðin í 100% stöðu við Skýjaborg og Guðný Kristín Guðnadóttir fór í 20% stöðu úr Skýjaborg í Heiðarskóla.

Í Skýjaborg hóf Guðbjörg Benjamínsdóttir matráður störf. Í janúar og febrúar urðu breytingar í starfsmannahópnum, stöðugildi hækkaði um 0,5 vegna fjölgunar barna og Kristín Ása fór í fæðingarorlof. Í þessi stöðugildi voru ráðnar Ragna Ívarsdóttir og Sara Björg Bjarnadóttir. Sara hætti tveimur mánuðum síðar og var Sigrún Bára ráðin fyrir hana. Ásbjörn Baldvinsson kom inn í 7 vikur í feb/mars í veikindaafleysingu.

Í Heiðarskóla var Huguína Olga Guðjónsdóttir, grunnskólakennari, ráðin í afleysingu til eins árs. Birgitta Guðnadóttir hætti störfum 1. febrúar eftir langan starfsferil sem spannaði nær 27 ár. Ásrún Ösp Jóhannesdóttir var ráðin tímabundið í starf Birgittu.

4.2 Stjórnun og verkaskipting

Nýtt skipurit tók gildi síðasta haust.



4.3 Verkefnastjórastöður skólaárið 2017-2018

Enginn verkefnastjóri var starfandi síðast vetur.

4.4 Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólafréttabréfi sem skólastjórnar senda á alla starfsmenn skólans í lok hvernar viku. Bréfið, sem er tölvupóstur, inniheldur upplýsingar um hvað er framundan í skólastarfinu.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, hagnýtar upplýsingar og fjölbreytt og lifandi myndasafn úr starfi skólans.
- Fréttabréf sem sent er út í gegnum Mentor á foreldra Heiðarskóla tvisvar sinnum á skólaárinu.
- Upplýsingapóstur í gegnum Mentor til foreldra eftir þörfum.
- Opnum Facebook síðum Skýjaborgar og Heiðarskóla.
- Lokuðum Facebook hópum bæði í Skýjaborg og Heiðarskóla sem aðgengilegar eru foreldrum.

4.5 Skipulagsdagar

Einn sameiginlegur skipulagsdagur var á skólaárinu.

- 15. ágúst: Námskeið um líkamsbeitingu og hláturjoga.

Í Skýjaborg voru 5 aðrir skipulagsdagar (4 heilir og 2 hálfir):

- 15. september: Starfsmannafundur. Undirbúningur vetrarstarfs. Kynning á rannsókn Söru Margrétar um skólasamstarf.
- 13. október, frá kl. 12:00: Fyrirlestur um geðheilsu ungra barna og undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.
- 4. janúar, frá kl. 12:00: Starfsmannafundur, umhverfisnefndarfundur fullorðinna og fræðsla um jafnréttismál frá Hönnu Björg Vilhjálmsdóttir kynjafræðikennara.
- 15. febrúar: Skólaheimsóknir í leikskólann Norðurberg, Hafnafirði og leikskólann Austurkór í Kópavogi. Öryggistrúnaðarmaður fór yfir áhættumat.
- 14. mars: Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl. Starfsmannafundur. Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl. Tónlistarnámskeið m. Valgerði Jónsdóttur.
- 23. apríl: Mat á skólastarfi. Kynning á notkun slökkvitækja. Kynning á eineltisáætlun Hvalfjarðarsveitar. Deildarfundir. Námskeið frá vinnuvernd - Að lifa lífinu hægar.

Í Heiðarskóla voru 12 aðrir skipulagsdagar, þar af 5 á starfstíma skólans og 7 utan starfstíma skólans:

- 16. – 18. ágúst: Undirbúningur fyrir skólaárið, skólastjóri fór yfir verkefni vetrarins með hverjum og einum.
- 15. september: Kennarar á haustþingi KfV á Akranesi, almennir starfsmenn í skólaheimsókn í Brúarskóla.
- 4. janúar: Sjálfsmat og undirbúningur fyrir vorönn.
- 15. febrúar: Skólaheimsókn í Grunnskóla Borgarfjarðar, Hvanneyri og Kleppjárnsreykir.
- 3. apríl: Starfsmannafundur og undirbúningur.
- 4. júní: Vitnisburður og undirbúningsvinna fyrir skólaslit.
- 5. júní: Frágangur og tiltekt. Ath. breyting frá skóladagatali, skólaslit voru færð til 6. júní vegna jarðarfara.
- 7. júní: Sjálfsmatssvinna, frágangur og tiltekt. Sameiginleg máltíð á Galito í lok dags.
- 8. júní: Enn betri skólabragur, kvöldfundur haldinn 10. apríl fyrir alla starfsmenn. Fundinum stýrði ráðgjafi frá Erindi.

4.6 Fundir

Skólastjórn, skipuð skólastjórum og aðstoðarskólastjórum beggja sviða, héldu vikulega samráðsfundi á mánudögum kl. 15:00 – 16:00. Ritaðar voru fundargerðir. Á fundum skólastjórnar var m.a.:

- farið yfir fagleg mál skólans
- unnið að stefnumótun og framfylgd stefnu
- unnið við skipulagningu
- rætt um sameiginleg verkefni
- starfsmannamál
- skýrslugerðir - Ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá – starfsáætlun.

Í Skýjaborg voru deildarstjórafundir áætlaðir á mánudögum frá 9:00-10:00 sem deildarstjórar og leikskólastjóri sátu. Þá voru deildarfundir einu sinni í viku á mánudögum kl. 10:00-11:00 og fékk hvor deild annan hvorn mánudag. Vegna manneklu féllu einhverjir fundir niður. Fékk hvor deild 12 fundi yfir veturinn.

Í Heiðarskóla voru starfsmannafundir einu sinni í mánuði á miðvikudögum kl. 14:30 – 16:00. Aðra miðvikudaga voru kennarafundir. Örfundir með öllum starfsmönnum voru á þriðjudagsmorgnum kl. 8:05 – 8:15. Fastir fundir voru á mánudagsmorgnum kl. 8:00 þar sem skólastjóri fundaði ýmist með Nemendaráði, starfsfólki í tómstund eða almennum starfsmönnum. Þessir hópar funduðu því þriðja hvern mánudag með skólastjóra. Fundað var með þrifateymi eftir þörfum.

Þrír skólasamstarfsfundir voru haldnir á árinu þar sem skólasamstarfið var skipulagt, farið yfir stöðuna og metið hvernig til tókst.

Einn sameiginlegur fagfundur var halinn með öllum starfsmönnum Leik- og grunnskóla. Yfirskrift fundarins var: Fyrir hvað stendur Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar? Sameiginlegir fletir og sérstaða sviðanna.

4.7 Símenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

Kennarar í fullu starfi í Heiðarskóla eiga að sækja sér endurmenntun sem hér segir:

- Kennari yngri en 30 ára: 150 tímar utan starfstíma / 113 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 30 til 38 ára: 126 tímar utan starfstíma / 95 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 38 ára og eldri: 102 tímar utan starfstíma / 77 tímar innan starfstíma skóla

4.7.1 Námskeið og ráðstefnur

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Skýjaborg:

- 15. ágúst: Allir starfsmenn fóru á námskeið um líkamsbeitingu. Námskeiðshaldari Valgeir Sigurðsson frá Vinnuvernd.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn tóku þátt í hláturyoga. Námskeiðshaldari Ásta Valdimarsdóttir.
- 11. september og 2. október: Sat einn starfsmaður námskeiðið: Stærðfræði og barnabækur hjá Menntavísindastofnun HÍ.
- 15. september: Allir starfsmenn sátu kynningu á rannsókn Söru Margrétar Ólafsdóttur á skólasamstarfi.
- 25.-27. september: Einn starfsmaður sat námskeiðið Skipulögð kennsla (TEACCH) hjá Greiningar- og ráðgjafastöð Íslands.

- 29. september: Einn starfsmaður sat námskeiðið Lubbi í leikskólastarfi og tenging við grunnskóla: skapandi og árangursrík vinna með mál, tal og læsi hjá Lubbasmiðjunni.
- 3. október: sat einn starfsmaður TRAS námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.
- 13. október: Allir starfsmenn sátu 2 klst. námskeið um geðheilsu ungra barna.
- 27. október: Einn starfsmaður fór á málþingið Ferðalag í flughálku – málþing ADHD hjá ADHD samtökunum.
- 31. október: Einn starfsmaður fór á 4 klst námskeið hjá Sýni fyrir matráða.
- 7. og 9. nóvember: Einn starfsmaður sat námskeiðið Stjórnun fyrir nýja stjórnendur hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.
- 9. nóvember: Einn starfsmaður sat málþing Persónuverndar v. nýrrar Evrópulöggjafar.
- 10. nóvember: Einn starfsmaður sat námskeiðið Gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.
- 17. nóvember: Einn starfsmaður sat námskeið um Matslista barna hjá Þroskaþjálfafélagi Íslands.
- 6. desember: Einn starfsmaður sat námskeið um Matslista fullorðinna hjá Þroskaþjálfafélagi Íslands.
- 4. janúar: Allir starfsmenn fengu fræðslu um jafnréttismál. Hanna Björg Vilhjálmisdóttir kynjafræðikennari sinnti fræðslunni.
- 22. janúar: Tveir starfsmenn fóru á námskeiðið Leikskóli fyrir alla hjá Endurmenntun HÍ.
- 26. janúar: Tveir starfsmenn sátu morgunverðarfund RannUng um Fagmennsku leikskólakennara – Ógnanir/tækifæri.
- 30. og 31. janúar: Einn starfsmaður sat öryggistrúnaðarmannanámskeið hjá Vinnueftirlitinu.
- 15. febrúar: Allir starfsmenn fóru í heimsóknir í tvo leikskóla (Norðurberg í Hafnarfirði og Austurkór í Kópavogi) og fengu góða kynningu á leikskólastarfi leikskólanna.
- 22. febrúar: Einn starfsmaður fór á ráðstefnu Starfsþróun kennara – Forysta og ánægja í skólastarfi á vegum Menntavísindasviðs HÍ í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands.
- 2. mars: Einn starfsmaður sat námskeiðið Leikskólastarf 1-3 ára barna hjá Sigríði Sítu Pétursdóttur og Guðrúnu Öldu Harðardóttur.
- 14. mars: Allir starfsmenn sátu tónlistarnámskeið hjá Valgerði Jónsdóttur.
- 13. apríl: Tveir starfsmenn sátu kynningu á MIO skimunarefni í stærðfræði.
- 23. apríl: Allir starfsmenn fengu kynningu á notkun slökkvitækja hjá Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar.
- 23. apríl: Allir starfsmenn fengu kynningu á eineltisáætlun Hvalfjarðarsveitar.
- 23. apríl: Allir starfsmenn sátu námskeiðið Að lifa lífinu hægar hjá Vinnuvernd.
- 8.-12. maí: Einn starfsmaður sótti námskeið hjá Leikur að læra.
- 18. maí: Einn starfsmaður sat námstefnu FSL – Yfir til þín.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Heiðarskóla:

- 14. ágúst: Haustaráðstefna 2017 Samtaka áhugafólks um skólalæsi í Rimaskóla: Lykilhæfni - leiðir og leiðsögn. Allir kennarar mættu.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn fóru á námskeið um líkamsbeitingu. Námskeiðshaldari Valgeir Sigurðsson frá Vinnuvernd.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn tóku þátt í hláturyoga. Námskeiðshaldari Ásta Valdimarsdóttir.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn sátu kynningu á rannsókn Söru Margrétar Ólafsdóttur á skólasamstarfi.
- Aðstoðarskólastjóri sótti námskeið á vegum SÍ fyrir stjórnendur í grunnskólum, tveir dagar á haustönn og einn á vorönn.
- Ágúst: Guðmundur Engilbertsson, kynning á Orði af orði.

- Ágúst: Numicon námskeið, 5 starfsmenn sóttu námskeiðið.
- September: Vanda Sigurgeirsdóttir, jákvæður skólabragur, fræðsla fyrir alla starfsmenn.
- 15. september: Haustþing kennara á Akranesi
- 28. sept: Ráðstefna um sjálfskaðahæðun unglunga, einn starfsmaður fór og kynnti síðar á starfsmannafundi það helsta sem bar á góma.
- Október: Kynningar teyma með áherslu á stærðfræði.
- Október: Tveir starfsmenn sóttu sérfræðingaámskeið hjá Mentor.
- 13. okt: Námsstefna Skólastjórafélags Íslands, skólastjóri fór.
- 31. okt: Matráðar sóttu námskeið hjá Sýni.
- Nóvember: Sesselja Árnadóttir kynnti lausnaleytið. Allir starfsmenn.
- Nóvember: Þrír starfsmenn sóttu sundlaugarvarðarnámskeið.
- 6. nóv: Skólaþing sveitarfélaga á Hilton hotel Reykjavík. Skólastjóri fór.
- 9. nóv: Málþing Persónuverndar um nýja Evrópulöggjöf. Einn starfsmaður fór.
- 23. - 24. nóvember: Ráðstefna náms og starfsráðgjafa. Náms- og starfsráðgjafi fór.
- 27. nóvember: Ráðstefna sérkennara, sérkennari fór.
- Desember: Kynningar teyma með áherslu á stærðfræði.
- Janúar: Hlín Magnúsdóttir Njarðvík – kennsluhættir í skóla margbreytileikans. Allir starfsmenn.
- 4. jan: Forritarar framtíðarinnar - námskeið fyrir kennara.
- 31. janúar: SkóV, skólastjóri fór.
- 15. febrúar: Skólaheimsókn í Grunnskóla Borgarfjarðar. Allir starfsmenn.
- Mars: Kynningar teyma með áherslu á stærðfræði.
- 3. apríl: Kynning á eineltisstefnu Hvalfjarðarsveitar.
- 8. apríl: Enn betri skólabragur, Sigríður Lára Haraldsdóttir frá Erindi.
- 12. apríl: Allir starfsmenn fengu kynningu á notkun slökkvitækja hjá Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar.
- 14. – 21. apríl: Þrír starfsmenn fóru til Kanada ásamt skólastjórum og kennurum frá Reykjavík. Skólaheimsóknir og hugsanlegt samstarf skóla í Kanada við Heiðarskóla til skoðunar.
- 17. – 23. apríl: Einn starfsmaður sóttir ráðstefnu í NY, kvíði og streita.
- Maí: Einn starfsmaður sótti Leikur að læra námskeið.
- Maí: Þrír starfsmenn sóttu vorráðstefnu Greiningarstöðvar.
- 3. og 4. maí: Vorfundur Skólastjórafélags Vesturlands að Laugum, skólastjóri fór.
- 17. maí: Fræðsluferð félags fagfólks á skólabókasöfnum, einn starfsmaður fór.

5 Áherslur vetrarins 2017-2018

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun. Flest ár er eitthvað tekið til endurskoðunar, en þetta ár var ekkert uppfært. Skólanámskrá má finna á heimasíðu skólans:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/skólanámskrá>

5.2 Umhverfismennt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar hefur verið í mörg ár þátttakandi í Grænánaverkefni. Hér má sjá yfirlit yfir hvað var gert á skólaárinu á hvoru sviði fyrir sig varðandi umhverfismennt.

5.2.1 Umhverfismennt í Skýjaborg

Í umhverfisnefnd Skýjaborgar er elsti árgangur í leikskólanum ásamt þeirra hópstjóra. Einnig er umhverfisnefnd fullorðinna sem samanstendur af öllu starfsfólki Skýjaborgar. Umhverfisnefnd barna hittist nokkrum sinnum yfir skólaárið og umhverfisnefndarfundir fullorðinna eru á skipulagsdögum sirka 2x yfir skólaárið.

Við höfum haustið 2017 með nýjan grænfána og engin föst markmið. En á síðasta umhverfisnefndarfundinum fullorðinna vorið 2017 var hugmyndin að fara yfir umhverfisgátlistana með börnunum og fá fram þeirra vangaveltur og hugmyndir að markmiðum og þeim fyrir þetta grænfánatímabil. Í september og október voru haldnir þrír umhverfisnefndarfundir með börnunum þar sem farið var yfir gátlista í þeim neysla og úrgangur, áttthagar og landslag og lýðheilsa. Þetta var mikil vinna og tók langan tíma að renna í gegnum hvern gátlista. Ákveðið var að leggja ekki fleiri gátlista á börnin í bili. Haldinn var umhverfisnefndarfundur fullorðinna á skipulagsdegi í janúar. Þar var ákveðið að halda áfram með þemað áttthagar og landslag og taka vel fyrir þemað neysla og úrgangur. Starfsfólk setti niður hugmyndir sem leikskólastjóri og deildarstjórar unnu áfram og settu fram í aðgerðaráætlun sem stendur til vorsins 2019, þegar áætlað er að sækja um næsta grænfána.

Í vetur var ruslatunnum í húsinu fækkað. Farið var í átak í matarsóun sem lýsir sér í umræðum inni á deildum með börnunum um hugtakið og hvað við getum gert til að minnka matarsóun.

Við höldum áfram að nota fjölnota poka undir óhrein föt og það hefur skilað sér vel til fjölskyldna. Í vetur fengum við að gjöf tilbúna fjölnota poka úr gömlum fötum frá einni ömmu til að mynda. Með svona gjöfum sjáum við að vinnan okkar er að skila sér vel heim og við höfum áhrif út í samfélagið.

Við fengum Einarsbúð í lið með okkur með að hætta að nota einnota og fara yfir fjölnota poka og kassa. Það hefur gengið mjög vel. Einarsbúð kom með nokkra kassa sem fara á milli með vörur í og við keyptum nokkra fjölnota poka sem notaðir eru undir ávexti og grænmeti.

Við tókum ákvörðun að hætta að henda snýtibréfum í almennt sorp, heldur frekar setja í maíspoka í lífrænt sorp eða í klósettið. Það minnkar urðun.

Þrátt fyrir nýjan grænfána og nýtt þema þá höfum við áfram mánaðartengdan gátlista fyrir grænfánann sem er endurskoðaður á hverju hausti. Listinn hangir á deildum og starfsfólk fylgir honum eftir við skipulagningu skólastarfsins.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, 6. júlí 2018

5.2.2 Umhverfismennt í Heiðarskóla

Umhverfisnefnd Heiðarskóla

Í Umhverfisnefnd Heiðarskóla eru fulltrúar úr öllum bekkjum: Í vetur voru þátttakendurnir: Angela 1.b., Díana 2. b, Eymar 3.b., Heimir 4.b., Andrés 5.b., Stefanía Katrín 6.b., Rakel Ásta 7.b., Jörgen 8.b., Guðrún 9.b. og Gabríel 10.b. Fulltrúar starfsfólks eru: Helena (formaður), Helga Harðar, Sigga Lára og Sigga V.

Nefndin hittist reglulega, helst einu sinni í mánuði til að ræða umhverfismál og skipuleggja umhverfismennt í Heiðarskóla. Nefndin velur þema fyrir veturinn og síðastliðið haust varð *Lýðheilsa* fyrir valinu. Ef okkur líður vel og við hugsum vel um aðra og umhverfið hefur það áhrif á náttúruna og allt í kringum okkur. Markmiðið er að þemað sé haft í huga í öllum námsgreinum allan veturinn. Við höfum lagt áherslu á hreyfingu, næringu, sköpun, andlega heilsu, félagsskap/vináttu, forvarnir og hvíld. Þátttaka okkar í norræna skólahlaupinu, barnamenningarhátíð, skíðaferð í Bláfjöll, að kveikja varðeld í janúar, haust og vorferðir og íþróttadagurinn okkar góði eru allt dæmi um það.

Síðastliðið haust var ákveðið að prófa og breyta sáttmála okkar í umhverfismennt og á umhverfisdaginn 25. apríl var því lokið og niðurstaðan tilkynnt.

Við höldum áfram með mörg stór verkefni sem eru árlegir viðburðir í umhverfismennt Heiðarskóla. Einnig lögðum við áherslu á allskonar minni verkefni sem skipta miklu máli og hafa áhrif á umhverfismálin á heimsvísu ef allir taka þátt. Umræður og fræðsla í nefndinni nær hægt og rólega út í bekkina og heimilin. Í vetur höfum við unnið áfram með flokkun, endurvinnslu, að minnka notkun plasts, að borða hollt og helst matvörur sem eru framleiddar nálægt, að nýta hlutina betur/ minnka neyslu og að draga úr útblæstri koltvísýrings. Nýtt í umræðunni er að við erum byrjuð að endurheimta votlendi á Íslandi.

Helstu verkefni okkar þennan vetur voru eftirfarandi:

- **Dagur íslenskrar náttúru 14. september**

Dagur íslenskrar náttúru var haldinn í Brynjudal í blíðskaparveðri. Stigin unnu verkefni hvert fyrir sig með sínum umsjónakennurum og fóru á þrjár stöðvar. Nemendur fengu að prófa útiöldun; baka brauð, steikja yfir eldi og poppa popp. Svo var það hreyfingin í skógarþrautinni, eldspýtuþrautir og á þriðju stöðinni var skógar- bingó eða vatnsrannsóknir. Það var líka góður tími fyrir alla til að leika sér og bara njóta þess að vera til. Að sjálfsögðu voru grillaðar pylsur í hádeginu.

- **Kartöfluupptekt í október**

Yngsta stigið tók upp kartöflurnar sem nemendur settu niður í maí 2017. Uppskeran var ekki sú besta en allir sem vildu fengu smá poka með sér heim og restin var elduð í mötuneytinu.

- **Þema „Heilsa yfir höfuð“, október 2017**

Umhverfisnefndin valdi „Lýðheilsu“ sem þema fyrir veturinn 2017-2018. Þar sem Heiðarskóli er að stefna á að taka þátt í verkefninu „Heilsueflandi skóli“ fannst okkur það upplagt. Í þemavikunni í október var unnið í aldursblönduðum hópum, tvo tíma á dag í fimm daga. Í heimilisfræðistofunni var boðið uppá *Hollan bita* og rætt um hollan mat og mikilvægi þess fyrir heilsuna. Nemendur bökuðu hollustukex og fengu að fara með smá smökkun heim. Hinar stöðvarnar voru; *Hreyfing*, þar sem nemendur fengu að efla samvinnuhæfni og samskipti við eldri/yngrí ásamt því að æfa sig í teygjum og slökun. *Slökun og núvitund*, þar fengu nemendur að kynnst leiðum til slökunar og að þjálfá núvitund, en líka hvernig hlátur hefur áhrif á vellíðan. Í *Áhugamál og sköpun*, fóru fram umræður um mikilvægi þess að eiga áhugamál og að sköpun og listir hafi oft róandi áhrif og auki vellíðan. Nemendur unnu líka listrænt verkefni að eigin vali. Fimmta stöðin var *Geðrækt* en þar voru umræður um hvað geðrækt er, eins og jákvæð hugsun, samvörun, áhugamál, hreyfing, að gefast ekki upp, að finna sína hæfileika o.s. frv. Þar voru unnin verkefni og farið í leik líka. Foreldrar fengu að kíkja í heimsókn en fáir mættu.

- **Jól í skókassa – verkefni í nóvember**

Nemendur Heiðarskóla taka árlega þátt í einu til tveimur góðgerðaverkefnum og jól í skókassa hefur komið vel út. Hvert stig safnaði í skókassa sem voru sendir til barnaheimila í Úkraínu.

- **Gátlistinn frá Landvernd – Grænfáninn**

Umhverfisnefnd framkvæmdi könnun frá grænfánanum um lýðheilsu og niðurstöðurnar voru ræddar í nefndinni. Við stöndum okkur nokkuð vel en margar góða hugmyndir komu fram sem nýtast okkur í skólastarfinu.

- **Matarvigtun í desember**

Árlega átakið í að minnka matarsóun fór fram vikuna 4.-8. desember. Það gengur út á að bekkirnir vigta allar matarleifar frá morgunmatnum og hádegismatnum og reyna auðvitað að sóa sem minnst. Nemendur í 4. og 10. bekk leifðu engu í matarvigtunarvikunni. Samtals leifðu nemendur 3500 grömmum alla vikuna. Matráðskonurnar okkar eru mjög ánægðar með þessa vinnu og það hefur klárlega áhrif.

- **Umhverfisdagurinn 25. apríl**

Í tilefni Dags umhverfisins er haldin umhverfisráðstefna með innleggi frá umhverfisnefndinni um umhverfisvænar vörur sem hægt er að velja í stað þeirra sem eru framleiddar úr plasti. Starfsmenn skólans og nokkrar verslanir sáu um að lána skólanum vörunar sem voru svo til sýnis í glerskápnnum á efri hæð skólans.

Umhverfisnefndin kynnti svo nýjan umhverfissáttmála skólans:

GERÐU ÞAÐ SEM ER BEST FYRIR UMHVERFIÐ

- EKKI ÞAÐ SEM ER AUÐVELDAST

Guðrún Sóley Gestsdóttir hélt síðan áhugavert erindi um sjálfbærni og lýðheilsu. Hún ræddi við börnin um mikilvægi smáu skrefanna og hvað hver og einn getur gert.

Eftir ráðstefnu hreinsuðu nemendur skólans nærumhverfið og léku sér og lærðu úti. Slökkt var á rafmagninu í skólanum og við grilluðum og borðuðum úti og kennslan fór öll fram utandyra þennan dag.

- **Survivordagurinn 15. maí**

Survivordagurinn var haldin eins og hefð er fyrir í Álfholtsskóginum. Dagurinn byrjaði með morgunmat í sólskini utandyra og svo fóru nemendur í ratleik í átta aldursblönduðum liðum. Með kort og áttavita rötuðu nemendur á átta stöðvar þar sem verkefni tengd lýðheilsu voru unnin. Eftir hádegismat, sem var grillaður hamborgari, fengu nemendur að sýna og prófa útileikföngin sem höfðu verið búin til í skólanum fyrir þennan dag. Þetta gekk allt saman mjög vel þrátt fyrir sýnishorn af flestum íslenskum veðrum.

- **Gróðursetning 16. maí**

Eyjólfur aðstoðaði okkur við gróðursetninguna í Heiðarskóla. Hann var búinn að forvinna kartöflugarðinn okkar og yngsta stigið setti niður kartöflur. Svo færðum við trjáplöntur úr uppeldisreit

yfir í „nýja skóginn“ sem er á uppleið fyrir norðan skólabygginguna. Yngsta- og elsta stigið tóku þátt í því.

- **Rafmagnssparnaður**

Rafmagnsmælingar voru framkvæmdar í janúar – febrúar eins og venjulega en vegna bilunar í hitunarkerfi skólans tókst ekki að spara neitt rafmagn. Við gerðum aftur tilraun í apríl – maí, sem tókst ágætlega. Fyrst mældist rafmagnsnotkun án sparnaðarátaks 10. - 24. apríl. Svo tvær vikur með sparnaði 30. apríl til 14. maí. Sparnaðurinn fólst aðallega í að slökkva á tölvum og ljósum þegar það er hægt, það er ekki margt annað sem við getum gert.

10. – 24. apríl Venjuleg notkun: 5556 kWh. 30. apríl. -14. maí með sparnaði: 4854 kWh Sparnaður: = 702 kWh. Sparnaður í tvær vikur: 702 kWh x 17,24 kr/kWh = 12102,48 kr.

Einn mánuður: 12102,48 x 2 = 24204,96 kr

Sparnaður fyrir 12 mánuði: 290.460 kr

Þetta er þó smá sparnaður!

- **UNICEF – hreyfingin**

25. maí tók Heiðarskóli þátt í UNICEF – hreyfingunni. Í ár fjallaði það um loftslagsbreytingarnar og hvernig það hefur áhrif á börn og lífið á jörðinni. Við getum breytt þessu ef við tökum öll þátt og byrjum að: endurnýta, endurvinna, og eyða minna. Við tókum þátt í UNICEF hlaupinu og þeir nemendur sem vildu söfnuðum áheitum. Það söfnuðustu a.m.k. 124.000 kr.

Helena Bergström Heiðarskóli, 10. júní 2018

5.3 Skólasamstarf

Haustfundur skólasamstarfsins var haldinn 6. september 2017. Á haustfundi var farið yfir skýrslu frá fyrra ári og settar niður dagsetningar ýmissa viðburða.

Í upphafi hausts voru sjö börn í skólahópi, eftir áramót bættist við barn.

Samstarfið var með hefðbundnu sniði. En þó hefur skiptunum sem börnin fara í Heiðarskóla fækkað á síðustu tveimur árum úr átta í sex. Í ár voru þau sex á hvorri önn, auk skógarferðar í Álfholtsskóg á vorönn og menningarferðar í Borgarnes á haustönn. Auk þess heimsótti fyrsti bekkur leikskólann einu sinni á hvorri önn.

Foreldrar fengu sent bréf þar sem þeir eru upplýstir um samstarfið og dagsetningar.

Vorannarfundur var haldinn 12. des 2017. Farið yfir haustönn og vorönn skipulögð. Ákveðið að færa tímann yfir á miðvikudag þar sem tímarnir sköruðust á við tíma talmeinafræðings.

Í lok skólaárs var þriðji og síðasti skólasamstarfsfundur, haldinn 24. maí 2018. Rætt um minnkað skipulag í grunnskólanum fyrir skólahópinn. Það reynist vel. Meira er hlustað á börnin og hvað þeim finnst mikilvægt að sjá og gera í Heiðarskólaheimsóknunum.

Helstu verkefni

Skólaheimsóknir voru á fimmtudögum fyrri önnina en á miðvikudögum á þeirri seinni, 6 skipti á hvorri önn í skólanum og ein vettvangsferð. Þær fóru fram í október og nóvember á haustönn og febrúar, mars og apríl á vorönninni. Börnin byrjuðu alla heimsóknardagana í Heiðarborg klukkan rúmlega 9:00, fóru í íþróttatíma á haustönninni og sundtíma á vorönninni. Eftir hverja heimsókn ræddu börnin um heimsóknir þeirra í Heiðarskóla og hvað þau langaði að gera í næstu heimsókn. Kennarinn lét skólastjórann vita þannig að hann gæti orðið að óskum þeirra. Á vorönn var viðverutíminn lengdur og börnin borðuðu hádegisverð í Heiðarskóla.

Nemendur í 1. bekk heimsóttu vini sína í leikskólanum tvisvar á haustönn, og tóku þátt í daglegu starfi og í seinna skiptið var þeim boðið á jólaleiksýningu. Á vorönn kom 1. bekkur einu sinni í Skýjaborg og tók þátt í inni- og útistarfi frá kl 9:00 – 11:30.

Fullveldishátíð; börn í 1. bekk og elsti árgangur leikskólans með sameiginlegt atriði á hátíðinni, Dýrin í Afríku. Börnin útbjuggu leikmuni og æfðu sönginn að mestu í sitt hvoru lagi, ein sameiginleg rennslisæfing var rétt fyrir sýningu.

Dagur íslenskrar tungu; nemendur í 3. bekk lásu fyrir leikskólabörnin í Skýjaborg.

Vorskóladagar; elsti árgangur Skýjaborgar fór þrjá daga í skólann með skólabílunum og tók þátt í skólastarfinu.

Ekkert Skýjaborgarval var haldið í unglingadeild Heiðarskóla þetta árið.

Vaninn hefur verið að 7. bekkur les fyrir barnahópin í einni skólaheimsókninni til að æfa sig fyrir upplestrarkeppnina. Það varð ekkert úr því þetta árið.

Sigurbjörg Friðriksdóttir og Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2018

6 Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber að framkvæma innra og ytra mat í skólum. Tilgangur mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykilli að því að gera góðan skóla betri. Ytra mat er framkvæmt annars vegar af fræðslu- og skólanefnd og hins vegar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

6.1 Innra mat

Notað er sama sjálfsmatskerfið fyrir leik- og grunnskólasvið, þ.e. Gæðagreina (grunnskóli) og Barnið í brennidepli (leikskóli) sem er heildstætt matstæki, skoskt að upplagi. Hér fyrir neðan má sjá sjálfsmatsáætlanir fyrir sviðin. Niðurstöður innra mats má finna í sjálfsmatsskýrslum sviðanna (Sjálfsmatsskýrsla Skýjaborgar er inn í starfsáætlun Skýjaborgar).

6.1.1 Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla

Sjálfsmatskerfið „Gæðagreinar 2“ er heildstætt gæðamatskerfi fyrir skóla. Skólaárið 2017-2018 voru gæðagreinar 6.1. - 7.3 metnir, auk þess var heildarskimun gerð á vordögum. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. - 10. bekk í október og apríl og nemendur í 1. - 5. bekk í apríl.

	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Haustönn	Skólapúlsinn Ggr. 6.1, 6.2, 6.3	Skólapúlsinn Ggr. 8.1, 8.2, 8.3, 8.4	Skólapúlsinn Ggr. 1.1, 1.2, 2.1, 2.2, 3.1, 4.1, 4.2
Vorönn	Skólapúlsinn Ggr. 7.1, 7.2, 7.3,	Skólapúlsinn Ggr. 9.1, 9.2, 9.3, 9.4	Skólapúlsinn Ggr. 5.1, 5.2, 5.3, 5.4, 5.5, 5.6, 5.7, 5.8, 5.9

6.1.2 Sjálfsmatsáætlun Skýjaborgar

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarf ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2017-2018 voru að meta:

- Lykilþátt 4. Alla árangursvísa.
- Lykilþátt 7. Alla árangursvísa.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarvika fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd (Ytra mat).
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd (Ytra mat).
- Umsókn um Grænfána.

6.1.3 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram á tímabilinu 22. febrúar – 11. apríl 2018. Fyrirkomulag samtalanna var með þeim hætti að skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í Heiðarskóla og skólastjóri í Skýjaborg ræddu við hvern og einn starfsmann á sínu sviði út frá viðtalsramma sem fylgir í viðauka.

Hér fyrir neðan má finna tölulegar samantektir og samanburð frá síðasta skólaári. Almennar athugasemdir fara í úrbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Samantekt úr “mitt mat”, vorið 2017:

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Vinnuaðstaða / álag	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Samskipti við foreldra	Heild:
Leik- og grunnskóli:						
7,5	7,7	7,3	8,3	8,4	8,3	7,9
83%	86%	81%	92%	93%	92%	88%
Heiðarskóli:						
6,9	7,4	7,1	8,2	8,5	8,2	7,7
77%	82%	79%	91%	94%	91%	86%
Skýjaborg:						
8,6	8,3	7,5	8,5	8,3	8,5	8,3
96%	92%	83%	94%	92%	94%	92%

Samantekt úr “mitt mat”, vorið 2018:

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Vinnuaðstaða / álag	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Samskipti við foreldra	Heild:
Leik- og grunnskóli:						
7,84	8,28	7,49	8,2	8,28	8,63	8,1
87%	92%	83%	91%	92%	96%	90%
Heiðarskóli:						
7,5	8,2	7,3	8,0	8,1	8,5	7,9
83%	91%	80%	88%	90%	94%	87%
Skýjaborg:						
8,75	8,5	8	8,75	8,75	9	8,63
97%	94%	89%	97%	97%	100%	96%

6.2 Ytra mat

Fræðslu- og skólanefnd lagði fyrir foreldra- og starfsmenn könnun á vorönn. Niðurstöður má finna á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

Samræmd könnunarpróf í 4., 7., 9. og 10. bekk.

Ytra mat fór fram á Heiðarskóla. Matið var á vegum Sambands íslenskrar sveitarfélaga og mennta og menningarmálaráðuneytisins en framkvæmdin var á vegum Menntamálastofnunar. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur og fór fram á vettvangi dagana 28.-29. nóvember 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008. Í Grunnskóla Hvalfjarðarsveitar voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skóli án aðgreiningar. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Matsskýrsluna má finna í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins en helstu niðurstöður ytra mats má sjá í eftirfarandi töflu.

Frekari greining – Grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

- Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.
- Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:
- D → 1,0 – 1,5 = **rauð** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnu-mótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsað-stæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsað-lögun	Framkvæmd innra mats	Umbóta-starf í kjölfar innra mats
Stjórn-andinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skóla-námskrá	Skólaráð, foreldra-félag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfis-bundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóla-dagur nemenda	Þáttt. for. í skólalast. og upplýsinga-miðlun	Skipulag náms og námsum-hverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðn-ingur við nám	Markmiðs-bundið	Umbóta-miðað
Faglegt samstarf	Verklags-reglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjöl-breyttum upplýs-ingum	
Skóla-próun			Námshættir og náms-vitund			Sam-starfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Skólastjóri Heiðarskóla og sveitarstjóri gerðu í kjölfarið umbótaáætlun er tekur á þeim liðum sem bent er á sem tækifæri til umbóta í skýrslunni. Ráðuneytið mun verða í sambandi við sveitarfélagið í desember 2018 um framgang umbótáætlunarinnar.

Ytra mat fór fram á Skýjaborg. Matið var unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur, Sigrúnu Einarsdóttur og Elsu Pálsdóttur og fór fram á vettvangi 25. og 26. apríl 2018. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Matskýrsluna má finna í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins en helstu niðurstöður má sjá í eftirfarandi töflu.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

$A > 3,6 - 4 = \text{Grænt}$ – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

$B > 2,6 - 3,5 = \text{Ljósgrænt}$ – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

$C > 1,6 - 2,5 = \text{Gult}$ – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

$D > 1,0 - 1,5 = \text{Rautt}$ – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

7 Nám og kennsla

Í þessum kafla er farið yfir fjölda barna, nám og kennslu í gegnum skýrslur og helstu daga og viðburði á árinu.

7.1 Fjöldi barna í Heiðarskóla

Í Heiðarskóla voru nemendur í upphafi og lok skólaárs 90 talsins, einn nemandi hætti á skólaárinu og annar nemandi hóf nám á skólaárinu. Fjöldi nemenda í bekkjum var eftirfarandi:

Bekkir/árgangur	Í upphafi skólaárs	Í lok skólaárs
1. 2011	9	8
2. 2010	10	10
3. 2009	8	8
4. 2008	11	12
5. 2007	9	9
6. 2006	11 þar af 1 fæddur 2007	11 þar af 1 fæddur 2007
7. 2005	10	10
8. 2004	4	4
9. 2003	12 þar af 1 fæddur 2004	12 þar af 1 fæddur 2004
10. 2002	6	6
Samtals:	90	90

Teymiskennsla hófst í Heiðarskóla haustið 2015. Teymiskennsla í skólanum einkennist fyrst og fremst af samvinnu og sameiginlegri ábyrgð kennara um nám og kennslu nemenda. Kennt var í þremur teymum:

- Yngsta stig 1. – 4. bekkur. Kennt í tveimur námshópum. 18 nemendur í 1. og 2. bekk, umsjónarkennarar: Katrín Rós Sigvaldadóttir og Arna Kristín Sigurðardóttir. 20 nemendur í 3. og 4. bekk. Umsjónarkennari: Jónella Sigurjónsdóttir.
- Miðstig 5. – 7. bekkur. 30 nemendur. Umsjónarkennarar: Berglind Bergsdóttir, Einar Sigurðsson og Sigurður Tómasson.
- Unglingastig 8. – 10. bekkur. 22 nemendur. Umsjónarkennarar: Hugrún Olga Guðjónsdóttir og Örn Arnarson.

7.2 Fjöldi barna í Skýjaborg

Í Skýjaborg voru börnin í upphafi skólaárs 37 og 37 í lokin, en voru þó 40 megnið af vorönn. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig staðan var í lok skólaárs á milli árganga.

Dropinn: 13-15 börn á aldrinum 1-3 ára. Deildarstjóri Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir.

Regnboginn: 23-25 börn á aldrinum 3-6 ára. Deildarstjóri Sigurbjörg Friðriksdóttir.

Árgangur	Alls haustið 2017	Alls vorið 2018
2012	7	8
2013	7	5
2014	9	10
2015	10	9
2016	4	4 + 1 fætt árið 2017

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 17:00. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjálss milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 8,075 klst. daglega.

7.3 Sameiginlegar skýrslur 2017-2018

Sameiginlegar skýrslur frá starfsfólki Leik- og grunnskóla koma hér undir. Í ár er það ein skýrsla.

7.3.1 Skýrsla sérkennara

Einn sérkennari er í 100% starfi við bæði skólastigin. Sérkennarinn skiptir hlutfalli á vinnu sinni þannig að hann er 4 daga innan grunnskólans og 1 dag í viku í leikskólanum. En viðkomandi hefur umsjón með sérkennslu og skipuleggur sérkennslu við nemendur að hluta til ásamt stjórnendum skólans. Jafnframt því að halda utan um trúnaðargögn er varða nemendur og leggja fyrir ýmis próf og skimanir ásamt úrvinnslu úr þeim eftir þörfum. Sérkennari sækir einnig um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur í samræmdum prófum í samvinnu við skólastjórnendur, umsjónarkennara og foreldra. Jafnframt er grunnskólakennari í 30% stöðu við sérkennslu ásamt tveimur stuðningsfulltrúum er störfuðu við skólann sl. skólaár í 160 % stöðugildum. Til að mæta þörf skólans fyrir aukinn stuðning var gert samkomulag við tvo skólaliða um að sinna stuðningi samhliða öðrum störfum. Því má segja að þrír stuðningsfulltrúar í samtals 240 % stöðugildum verið starfandi á síðasta skólaári sem stuðningur við nemendur á yngsta og miðstigi. Það eru aðallega fjórir hópar sem beðið er um stuðning og sérkennslu fyrir: Nemendur með skilgreindar fatlanir, nemendur sem ná ekki aldurstengdum viðmiðum í lestri og stærðfræði, tvítyngda nemendur og nemendur sem eiga við hegðunarraskanir að stríða en utanaðkomandi hegðunarráðgjafi kom að málum nokkurra nemenda með ráðgjöf. Sérkennsla/stuðningur við nemendur innan skólans hefur verið með svipuðu móti sl. ár.

- **Leikskólasvið**

Í vetur hefur sérkennarinn farið 1. dag í viku í leikskólann líkt og verið hefur undanfarin ár og verið 5,5. klst í senn samtals 7. kst. Heildarfjöldi barna sem sérkennari hafði samstarf um voru 9 börn. En í beinni sérkennslu hjá sérkennara voru 6 -7 börn í vetur. Starf sérkennarans fólst aðallega í að annast athuganir, gera frumathuganir og kennsluáætlanir í samvinnu við deildarstjóra og almennt vera í góðu samstarfi við starfsmenn leikskólans, foreldra/forráðamenn og aðra samstarfsaðila. Í vetur var ekkert barn með skilgreinda fötlun innan leikskólans og vinna sérkennara fólst að mestu í málörvun hjá elsta árgangi leikskólans inn á Regnboga í samstarfi við deildarstjóra. Þ.e. auka orðaforða, tjáningu, málvitund og fleiri þætti er geta eftir þroska barnanna og fleira tengt hljóðkerfis og -hljóðavitund ásamt því að vinna með tölur, stærðir, form, fínhyrtingar ofl. Ýmist voru vinnustundir þannig að unnið var með litla hópa 2-3 börn og síðan hópstundir með elsta árgangi leikskólans. Tvö börn voru með íslensku sem annað mál og fengu auka málörvun. Jafnframt var unnið með framburð ofl. eftir ráðleggingum og

í samvinnu við talmeinafræðing. Margvíslegum aðferðum og leikjum var beitt við þjálfun og kennslu þar sem um fjölbreyttan hóp og misjafnar þarfir var að ræða hjá nemendum.

Helstu skimanir:

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.
- Íslenski þroskalistinn.
- Orðaskil.
- Tras.
- AEPS.
- ABLLS-R.
- Told-2P.
- MOT. (hreyfiproskaath).
- Athugun á hljóðkerfisvitund (5-7 ára).
- Ásamt óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

• Grunnskólasvið

Nemendur í sérkennslu eru valdir samkvæmt umsóknum/umsögnum umsjónarkennara að vori eða í upphafi skólaárs. Einnig ef sérstakar beiðnir koma frá umsjónarkennurum yfir veturinn, ásamt niðurstöðum eftir skimanir og próf sem gerð eru yfir skólaárið. Fyrst og fremst hefur meginþungi í starfi sérkennarans í vetur verið við nemendur með skilgreindar fatlanir, einnig vegna nemenda með lestrarerfiðleika, stuðning/samtöl við stuðningsfulltrúa. Fjölgun hefur orðið á nemendum með skilgreindar fatlanir innan skólans og vægi í kennslu/þjálfun orðið meira hjá sérkennara við þá nemendur á kostnað nemenda með vægari námsfrávik.

Heildarfjöldi nemenda sem fengu sérkennslu í vetur innan Heiðarskóla hjá sérkennara voru 11 nemendur. En sérkennarinn kom að málum 22 nemenda grunnskólans á skólaárinu með mismunandi hætti. Haldnir eru reglulega teymisfundir vegna ákveðinna nemenda. Jafnframt fer talsverður tími í samtal/samstarf við aðra sérfræðinga skólans og skilafundi eftir að greiningu er lokið.

Í yngri bekkjum fer sérkennslan fram ýmist inni í bekkjum eða utan bekkjar í litlum hópum eða einstaklingslega. Allt fer þetta eftir eðli námsvandans hverju sinni og hvað talið er að nýtist nemandanum sem best.

Í fyrsta bekk og öðrum bekk: Var samkennsla og 2 kennarar að mestu ásamt 2 stuðningsfulltrúum. Aðkoma sérkennara var nokkur inn í bekkinn. Naut bekkurinn aðstoðar sérkennara í samtals 10 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust að mestu leyti fjórum til sex nemendum og var þá unnið einstaklingslega eða í litlum hópi. Megináhersla var á vinnu með úthald og einbeitingu til vinnu, stafainnlögn, tengingu hljóða, orðaforða, einnig að þjálfra lestrarfærni og lesskilning. Ásamt eftirfylgd/samstarfi við stuðningsfulltrúa er vinna við stuðning við nemendur.

Í þriðja og fjórða bekk: Var samkennsla og 2 kennarar að mestu. Bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 3 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust 1 nemenda. Megináhersla var á að þjálfra lestrarfærni og lesskilning ásamt eflingu á öðrum þroskaþáttum.

Í fimmta til sjöunda bekk: Var samkennsla og þar voru 3 kennarar og 1 stuðningsfulltrúi. Bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 7 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust aðallega 5

nemendum. Megináhersla var lögð á lestur og lesskilning hjá nemendum. Einnig sáu umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúi um stuðning/sérkennslu við ákveðna nemendur. Fyrir áramót kom þroskaþjálfari 1 dag í viku og vann með 1 nemanda á miðstigi en eftir áramót tók kennaranemi við þar sem þroskaþjálfinn hætti.

Í áttunda til tíunda bekk: Var samkennsla og þar eru 2 kennarar. Kennarar á unglingastigi sáu að mestu um stuðning/sérkennslu innan unglingadeildar ásamt skólastjóra. Aðkoma sérkennara í vetur var eingöngu á teymis- og skilafundum um nemendur.

- **Sérfræðipjónusta**

Birgir Guðmundsson sálfræðingur starfar við bæði skólastigin og kom hann u.þ.b. hálfsmánaðarlega í skólann og sinnti greiningum ásamt ráðgjöf, viðtölum við foreldra/forráðamenn, nemendur og kennara skólans. Gott samstarf var við aðrar þjónustustofnanir er skólinn starfar náið með þ.e.a.s. Félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar ásamt samstarfi við sérfræðiteymi Akraneskaupsstaðar þ.e. iðjupjálfa er kemur í leikskólann og ráðgjafarþroskaþjálfar sem kemur bæði í leik-og grunnskólann eftir samkomulagi og situr í teyrum v/nemenda við skólann. Einnig var veitt sérfræðiráðgjöf og eftirfylgd frá Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins. Einnig fengum við Signýju Einarsdóttur talmeinafræðing til okkar, en hún kom þrisvar yfir mánuðinn og skipti þeim tíma milli beggja skólastiganna.

Helstu skimanir:

- Tove Krogh- teiknikönnun 1. bekk.
- Stafakönnun í upphafi skólaárs.
- Læsi- Lestrarskimun fyrir 1. bekk. Alls 3. sinnum yfir skólaárið.
- Læsi –Lestrarskimun x2 og Lesmál fyrir 2. bekk .
- Orðarún 5-8 bekk x 2 á skólaárinu.
- Samræmd próf í 4. 7. og 9. bekk.
- Skólafærni athugun (SFA).
- Told-2P
- Athugun á hljóðkerfis-og hljóðavitund 2 og 3 bekk.
- Logos lesgreining samkvæmt beiðni foreldra/kennara og eða niðurstaðna úr Lesferilsprófi.
- Talnalykill- skimun datt út í vetur.
- Lesferill (staðlað próf frá Menntamálastofnun fyrir 1-10 bekk) lagt fyrir þrisvar yfir veturinn sept, jan, maí.

- **Nemendaverndarráð**

Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir öllu jöfnu einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Nemendaverndarráð starfar í samræmi við reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik-og grunnskóla, í því sátu skólastjórar beggja skólastiga, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, félagsmálastjóri, félagsráðgjafi félagsþjónustu Akraneskaupsstaðar, sérkennari og náms-og starfsráðgjafi skólans. Skólastjóri hélt utan um fundina og leikskólastjóri sá oftast um að rita fundargerð.

- **Starfið framundan**

Nú á vordögum er undirbúningur hafinn að nýju skólaári. Þ.e. að undirbúa komu nýnema í haust, einnig er farið að huga að fyrirlögn samræmdra könnunarprófa sem haldin verða í haust hjá nemendum í fjórða og sjöunda bekk með því að sækja um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur sem þess þurfa í samræmi við 4. kafla í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla (2011. bls 40).

Á hverju vori sækja umsjónarkennarar yfirleitt um sérkennslu fyrir nemendur þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hverskonar þjónustu/kennslu þeir þurfi að fá. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar til að skipuleggja sérkennslu og stuðning fyrir þá nemendur er þess þurfa. Eftir að farið var út í teymiskennslu hefur mest allri sér- og stuðningskennslu verið fléttað inn í bekkjarstarfið á öllum stigum en talið er að öll einstaklingsmiðun sé líklegri til að verða auðveldari með þessu fyrirkomulagi. Það á reyndar eftir að skoða það betur. Upplifun umsjónarkennara er með mismunandi hætti eftir stigum.

Aðkoma sérkennara verður líkast til með svipuðum hætti og undanfarin ár að sinna lestrar- og stærðfræðiörðugleikum og þá að mestu leyti við yngsta- og mið stig. Stafa- og lestrarpróf verða tekin strax í upphafi skólaárs hjá 1. og 2. bekk og fá þá nemendur lestrarbækur við hæfi. Nemendum er síðan raðað í sérkennslu/málörvunarhópa eftir niðurstöðum úr þeim og Hljóm -2 prófi og öðrum bakgrunnsupplýsingum. Fundur er síðan haldinn stuttu eftir skólabyrjun fyrir foreldra/forráðamenn og þeim gerð grein fyrir hvernig lestrarnám fari fram og hvaða væntingar séu gerðar til þeirra við þjálfun barna sinna í lestri. Jafnframt mun sérkennari sinna auknum stuðningi og eftirfylgd við nemendur með fötlun og sértæka námserfiðleika. Ásamt því að leggja fyrir próf og aðrar kannanir/skimanir er við skólann eru gerðar á skólaárinu.

Júní 2018, Ólöf Guðmundsdóttir, sérkennari Leik-og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

7.4 Skýrslur Heiðarskóla 20167– 2018

Skólastjóri óskar eftir skýrslum/samantekt frá hverju teymi fyrir sig, náms- og starfsráðgjafa, starfsfólki á bókasafni, í tómstund, tölvuumsjónarmanni, matráðum og húsverði.

7.4.1 Teymisskýrslur yngsta stig vorið 2018

Að þessu sinni bárust tvær skýrslur frá yngsta stigi annars vegar frá 1. og 2. bekk og hins vegar frá 3. og 4. bekk.

1. og 2. bekkur

Grunnupplýsingar:

Í teyminum eru fjórir kennarar, Arna Kristín og Katrín Rós.

Arna Kristín kennir 23,5 kennslustund. Katrín Rós kennir 16,5.

Skipulag innan teymis:

Verkaskipting innan teymis var jöfn. Sameiginleg ábyrgð á nemendahópum og sameiginleg ábyrgð á skipulagi kennslu. Arna Kristín kenndi sex kennslustundum meira hópnum en Katrín Rós en allar sameiginlegar kennslustundir voru skipulagðar í góðu samstarfi þar sem hlustað var með virðingu og tillitsmi á skoðanir teymisfélaga.

Helstu verkefni: Dýrin í Afríku, Komdu og skoðaðu Eldgos, sjálfsvitund og sjálfstraust, hrekkjavaka, jólaþema, vinátta, fjölskyldan, páskaþema, Komdu og skoðaðu Líkamann og útiþema á vordögum.

Kennsluhættir: Fjölbreyttir kennsluhættir notaðir í kennslu. Má þar nefna aðferðir Byrjendalæsis og einnig kennsluaðferðina Leikur að læra. Töluvert var unnið með námsefni í gegnum leik og spil.

Upplýsingaflæði: Upplýsingaflæði var gott á milli kennara í 1. og 2. bekk. Einnig var upplýsingarflæði á milli kennara og stuðningsfulltrúa gott að okkar mati. Stuðningfulltrúar fengu yfirleitt skipulag fyrir komandi viku og gátu því verið undirbúnir ásamt kennurum. Fundir voru settir með stuðningsfulltrúum fyrsta fimmtudag í byrjun hvers mánaðar.

Náms- og kennsluáætlanir: Einstaklingsmiðun: Einn nemandi í 1. bekk var með einstaklingsnámskrá í bóklegum greinum, skólaþróttum og hönnun og smíði. Í öðrum greinum var ekki búið að einstaklingsmiða eða ekki þörf á einstaklingsmiðun.

Einn nemandi í 2. bekk var með einstaklingsnámskrá að hluta til eða þar sem þörf var á einstaklingsmiðun. Í einstaka verklegum greinum hefði verið þörf á einstaklingsnámskrá að okkar mati.

Sérstaða skólans:

Uppbygging – unnum bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og nemendur unnu ýmis verkefni í lífsleikni sem snéru að þessu. Einnig voru bekkjarfundir haldnir reglulega.

Spjaldtölvur – voru reglulega notaðar í þemu og einnig fengu nemendur eina kennslustund í spjaldtölvum á viku fyrir áramót.

Umhverfismennt – var unnið með t.d. í gengum þemu, útikennslu og umræðum tengd náttúrunni og umhverfinu. Nemendur fengu eina kennslustund á viku í stærðfræði sem var mikið kennd úti.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Stuðningur stjórnenda var góður og stjórnendur komu 2-3 sinnum yfir skólaárið inn í kennslustund og gáfu endurgjöf í framhaldi af því.

Vettvangsferðir: Fórum í fjöruferð hjá Súlunesi, í Brynjudal, Álfholtsskóg og á Bjarneyjarsand.

Gestir og fyrirlesarar: Vanda Sigurgeirsdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Sigríður Lára Haraldsdóttir.

Lokaorð:

Teymisstarfið í vetur hjá 1. og 2. bekk gekk vel. Við jukum lærdóm í gegnum leik, til dæmis með kennsluaðferðunum Leikur að læra og Numicon. Í stærðfræði var unnið jafn bóklegt sem og verklegt sem kom vel út. Námshóparnir, 1. og 2. bekkur, eiga einstaklega vel saman og samvinna þeirra á milli er til fyrirmyndar. Það myndaðist gott námsumhverfi þar sem vinnugleði og vinnufriður voru allsráðandi.

Til athugunar: huga þarf að þörfum 1. bekkjar á næsta ári. Samsetning hópsins kallar á töluverða þjálfun í skólafærni og teljum við nauðsynlegt að hópurinn verði að miklu leyti sér þó að teymisvinna kennara haldist.

Vor 2018 Katrín Rós Sigvaldadóttir og Arna Kristín Sigurðardóttir

3. og 4. bekkur

Grunnupplýsingar:

- Hverjir eru í teyminu, með hvað margar kest? Jónella Sigurjónsdóttir (21 kest) og Sigurður P. Sigurpórsson (12 kest)
- Hvað eru margir nemendur í teyminu? 20

Hvernig var skipulagi hagað í teyminu?

- Verkaskipting. Jónella sá um byrjendalæsi og Siggí um stærðfræðiþrautir og leiki. Annars undirbjuggum við tíma sameiginlega. Jónella fór yfir próf og bækur.
- Fundargerðir. Nei.
- Sameiginleg ábyrgð. Jónella var umsjónarkennari en við sáum sameiginlega um foreldrasamskipti og foreldradaga.
- Hvernig gekk samstarfið. Mjög vel.

Helstu verkefni – lotur – markmið: Stærstu verkefnin voru Komdu og skoðaðu landakort, Ísland árið 1866 (Þorraprællinn), Enn betri skólabragur og fuglapema. Í stærðfræðinni unnum við mest í Sprota en lögðum einnig áherslu á stærðfræðiþrautir og spil sem tengdust viðfangsefni bókanna.

Kennsluhættir – fjölbreyttir kennsluhættir – lærdómsferli, var rætt um mismunandi kennsluhætti, hvað hentar, hvað virkar og hvað virkar ekki? Við ræddum ekki mikið um kennsluhætti. Við reyndum að hafa fjölbreytta kennsluhætti. Kennari var með innlögn og nemendur unnu saman í mismunandi hópum sem og einstaklingslega. Við vorum með stór þemaverkefni þar sem nemendur unnu sjálfstætt að þekkingarsköpun.

Upplýsingaflæði: Við höldum vikulega fundi þar sem við fórum yfir komandi viku og hvað við ætluðum að gera. Þannig vorum við bæði vel upplýst. Við sendum vikupóst heim, oftast á föstudögum þar sem við lýstum líðandi viku. Einnig vorum við í góðum samskiptum við foreldra bæði í gegnum tölvupóst og síma. Mentor gegndi sínu hlutverki varðandi það að upplýsa um námslega stöðu nemenda.

Náms- og kennsluáætlanir: Við lögðum mikla vinnu í að útbúa námsáætlanir í Mentor. Þær voru ítarlegar og vonandi upplýsandi fyrir alla.

Einstaklingsmiðun: Reynt var að mæta þörfum allra nemenda. Nemendur voru á mjög misjöfnum stöðum í lestri og fékk hver og einn lesefni við sitt hæfi. Allir fengu stærðfræðiefni við sitt hæfi og einstaklingsmiðuð próf. Kröfur til skila í ritunarverkefnum voru mismunandi, allt eftir getu hvers og eins.

Sérstaða skólans:

- Spjaldtölvur. Einn tími á viku var sérstaklega eyrnamerkur spjaldtölvum. Fyrir áramót var aðallega farið í skapandi vinnu, svo sem imovie, stopmotion o.fl. Eftir áramót var áhersla lögð á forritun.
- Uppbyggingarstefnan. Við gáfum okkur góðan tíma í að útbúa bekkjarsáttmála. Þegar eitthvað bjátaði á í samskiptum bjuggum við til minni sáttmála um samskipti. Einnig fundaði umsjónarkennari með nemendum sem áttu í tímabundnum samskiptavanda. Við tókum þátt í vinnu með Vöndu Sigurgeirsdóttur um samskipti og tókum virkan þátt í þemavinnunni um Enn betri skólabrag.

- Umhverfismennt og útinám. Nemendur voru í útistærðfræði flesta mánudaga hjá Helenu. Við tókum upp kartöflur að hausti og settum niður kartöflur og gróðursettum tré að vori. Við unnum hluta af verkefninu Komdu og skoðaðu landakort utandyra. Við tókum þátt í þeim úti- og umhverfisdögum sem í boði voru, fórum í skemmtilega fjöruferð í haustferðinni okkar og sveitaheimsókn í vorferðinni. Annars vorum við ekki með fasta útitíma í töflu en nýttum stundum tækifærið þegar vel viðraði til þess að læra úti.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Við lögðum mjög mikla áherslu á læsi og lestrarfærni og náðum þar góðum árangri í samvinnu við heimilin. Þættir eins og heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, jafnrétti og sköpun fléttuðust víða inn í kennsluna okkar.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf. Við fengum góðan stuðning og ráðgjöf frá stjórnendum og sérkennara.

Vettvangsferðir: Fórum í fjöruferð hjá Súlunesi, 3. bekkur fór á slökkviliðsstöðina á Akranesi, fórum í Brynjudal og Álfholtsskóg og á Bjarneyjarsand.

Gestir og fyrirlesarar: Vanda Sigurgeirsdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Sigríður Lára Haraldsdóttir.

Lokaorð: Þetta var skemmtilegur og árangursríkur vetur með frábærum hópi nemenda.

Vor 2018 Jónella Sigurjónsdóttir og Sigurður Sigurþórsson

7.4.2 Teymisskýrsla – miðstig

Grunnupplýsingar:

Meðlimir: Einar S. Sigurðsson (26 kest.), Berglind Bergsdóttir (26 kest.) og Sigurður Hinrik Tómasson (22,75 kest.).

30 nemendur í 5.-7. bekk

Skipulag í teymi:

Hvernig var skipulagi hagað í teyminu?

Verkaskipting – fundargerðir - sameiginleg ábyrgð allra í teyminu – hvernig gekk samstarfið í teyminu?

- Við höfðum sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og skipulögðum kennslustundir að hluta í sameiningu. Þegar leið á veturinn skiptum við námshópnum í tvo hópa, 7. bekkur var meira og minna sér og 5. - 6. bekkur saman. Að hluta til var námshópnum skipt eftir getu, t.d. í tungumálum. Teymið hafði fundartíma á miðvikudögum sem nýttist oftast vel.
- Fundargerðir – Fyrir fundi var umræðupunktur safnað á blað, sem voru svo útgangspunktur á samstarfsfundi á miðvikudögum.
- Hluti samráðstímans fór í umræður um félagsleg mál nemenda og samskipti þeirra á milli. Margar kennslustundir fóru einnig í þau mál.
- Í foreldraviðtölum var hópnum skipt upp milli umsjónarkennaranna.

- Samskipti teymisins voru að mestu leyti góð, hefðu mátt vera meiri á köflum. Mikið af okkar undirbúningstíma fór í að funda með nemendum, foreldrum, skólastjóra og öðru starfsfólki vegna agavandamála.

Helstu verkefni – starfsáætlun – lotur – markmið, voru þau sett?

- Við höfum unnið fjölbreytt verkefni með nemendum, bæði bókleg og verkleg. Þau eru talin upp í skjalinu „viðfangsefni námsgreina“.
- Lögð var mikil áhersla á lestur og lásu nemendur í ca 20 mínútur í upphafi hvers dags. Heimalestur var 5 sinnum í viku og skil á föstudögum.
- Í öllum lotuverkefnum voru markmiðin útlistuð og til hvers væri ætlast í skilum verkefna.

Kennsluhættir – fjölbreyttir kennsluhættir – lærdómsferli, var rætt um mismunandi kennsluhætti, hvað hentar, hvað virkar og hvað virkar ekki

- Kennsluhættir hefðu mátt vera aðeins fjölbreyttari, en með meira samtali og eftir því sem við kynntumst betur í teyminu urðu þeir liprari.
- Við hefðum mátt vera duglegri í að skipta hópnum upp í minni hópa eftir aldri og getu.
- Sérkennslan mátti vera markvissari og slípa þarf samstarf við sérkennara.
- Lærdómsferlið fólst í reglulegum opinskáum samræðum um kennslustundir, kennsluhætti og nemendur. Þar ræddum við hvað var að virka.

Upplýsingaflæði, hvernig og hvar var það?

- Kennarar sendu upplýsingar um sérstaka viðburði og einnig á föstudögum með ýmsum upplýsingum um starf vikunnar og um framhaldið.
- Við stofnuðum facebook – hóp sem er nokkuð virkur.

Náms- og kennsluáætlanir – lágu þær fyrir, hvernig gekk að fylgja þeim eftir – hæfniviðmið aðalnámskrár, náðust þau?

- Náms og kennsluáætlanir lágu fyrir í íslensku, stærðfræði, þemum (náttúrugreinum og samfélagsgreinum), en í tungumálum var áætlunin helst til of námsbókamiðuð, þó sveigt hafi verið á milli verkefna (munnlegra og verklegra).
- Við máttum eftir hæfniviðmiðum. Við vonum að sú vinna nýtist foreldrum til að vera meðvitaðri um námslega getu barna sinna.

Einstaklingsmiðun – samstarf vegna sérkennslu

- Námið var að stórum hluta einstaklingsmiðað og kennsla fór mikið fram 1:1. Aðlagð námsefni var fyrir alla þá sem þurftu. Áætlanir stytta og sveigðar á alla kanta.
- Samstarf vegna sérkennslu var ábótavant og ómarkvisst. Í nemendahópnum var fjöldi nemenda með sérþarfir sem þurftu á aðstoð að halda, sú aðstoð var ómarkviss og sneri eingöngu að lestrarfærni.

Sérstaða / áhersla skólans – uppbygging – spjaldtölvur – umhverfismennt

- Spjaldtölvur voru töluvert mikið notaðar í vetur við ýmis verkefni. Spjaldtölvur fóru ekki heim í vetur nema þegar að nemendur þurftu að vinna sérstök verkefni.
- Uppbyggingarstefnan var höfð að leiðarljósi í samskiptum við nemendur.
- Útikennsla var sinnt í vetur á meðan veður leyfði en gæti verið markvissari. Ekki voru fastir tímar í stundatöflu en nemendur fóru í hreyfistundir öðru hvoru. Auk þess tókum við þátt í fjölda verkefna í umhverfismennt á vegum skólans.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar

- Voru ekki bundnir við ákveðnar námsgreinar.
- Voru frekar með óformlegum hætti en formlegum.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf.

- Stuðningur stjórnanda var góður. Við vorum meðvituð um að við hefðum bakland til að leita til. Fundum fyrir því að stjórnendur létu sig kennsluna varða með heimsóknum ofl. Mikill stuðningur í ýmsum málum.

Lokaorð:

Í heildina hefur samstarfið gengið vel. Það tók tíma að slípa teymið saman og ná áttum. Við hefðum viljað byrja af meiri krafti og staðfestu hvað hegðunarvandamál varðar, það er eitthvað sem við höfum lært af og ætlum að gera betur næsta vetur. Við fundum stundum fyrir því að samræmi vantaði í viðurlögum við brotum á skólareglum, það þarf meiri skilvirkni í þeim efnum. Viðurlög þurfa að vera skýrari og þá vantar kannski aðgerðaáætlun ef það virkar ekki. Einnig má nefna að aðgengi að sérfræðingum var ekki nægilegt í vetur en við finnum fyrir vaxandi vanda þegar kemur að námserfiðleikum, hegðun og líðan nemenda.

Vor 2018 Einar Sigurðsson, Berglind Bergsdóttir og Sigurður Tómasson

7.4.3 Teymi unglingadeildar skólaárið 2017 - 2018

Grunnupplýsingar: Hugrún Olga 26 kest, Örn 26 kest., Sigríður Lára 5 kest, Katrín Rós 4 kest. 22 nemendur hófu nám í unglingadeildinni síðasta haust en einn nemandi hóf heimanám, þ.e. fékk undanþágu frá viðveru í skóla, á vorönn. Fimm tvítýngdir nemendur frá fimm mismunandi löndum og sjö nemendur með greiningar. Þrír nemendur í 9. bekk útskrifuðust úr ensku núna í vor. Einn nemandi í 10. bekk stundaði nám í ensku og dönsku á framhaldsskólastigi báðar annir. Nemendur settu sér markmið í einstaklingsviðtölum sem fóru fram á haustdögum.

Skipulag: Verkaskipting. Báðir kennarar voru umsjónarkennarar allra nemenda og báru jafna ábyrgð. Foreldraviðtölum var skipt þannig að hvor kennari tók viðtöl við helming foreldra og síðan var því víxlað á vorönn, þannig að báðir kennarar hittu foreldra allra nemenda á skólaárinu. Sama fyrirkomulag höfðum við á einstaklingsviðtölum með nemendum. Þetta fannst okkur reynast vel. Umsjón og ábyrgð á fögum var skipt í meginráttum svona:

Hugrún: Íslenska, danska í 8. bekk og hluta 9. bekkjar, náttúrufræði í 8.-9. bekk og samfélagsfræði í 9.-10. bekk. Auk þess bar Hugrún ábyrgð á sérkennslu í stærðfræði í 8.-9. bekk.

- Örn: Enska, stærðfræði, náttúrufræði í 10. bekk og samfélagsfræði í 8. bekk.
- Sigríður Lára: Samfélagsfræði í 8. bekk og stuðningur í íslensku.
- Katrín Rós: Danska í 10. bekk og hluta 9. bekkjar, Náms- og starfsráðgjöf og lífsleikni.
- Öðrum verkefnum var deilt og í fullu samstarfi og vorum við mjög sátt við teymið og okkar vinnu. Skipting í náttúrufræði, samfélagsfræði og dönsku reyndist vel, en við mælum með því að dönskutímum verði fjölgað á næsta skólaári.

Fundargerðir: Gert var ráð fyrir fundartíma hjá teyminu eftir hádegi á miðvikudögum sem var mjög gott. Fundargerðum frá þeim fundum var deilt með skólastjórnendum á Sharepoint, sem var notað markvisst í fyrsta sinn á þessu skólaári og reyndist vel.

Skipulag kennslu; stundaskrá, kennslurými o.fl.: Heilt yfir litum við á hópinn sem eina heild en í vissum tímum var þeim skipt ýmist eftir bekkjum eða viðfangsefnum. Stundaskráin breyttist lítið yfir skólaárið, nema að því leyti að við reyndum að vera sveigjanleg eftir atvikum.

Kennslurými: Þrjár kennslustofur voru til umráða líkt og áður. Kennslurýmið var nýtt þannig að Botnsskáli og Ferstikla voru eitt rými, þ.e. ekki lokað á milli og Þyrill notaður í innlagnir eða næðisvinnu. Félagsrými var á köflum notað sem námsrými en við reyndum að stýra því aðgengi meira eftir því sem leið á skólaárið, þar sem okkur fannst sumir nemendur misnota það.

Stundaskrá: Stundaskráin var í föstum skorðum og breyttist lítið milli tímabila. Inni í stundaskrá voru svokallaðir vinnutímar, þar sem nemendur réðu í hvaða fagi þeir unnu. Þetta gafst afar vel og voru þessir tímar vel nýttir. Skólaárinu var skipt upp í sjö námslotur eftir mánuðum. Í upphafi hverrar námslotu fengu nemendur afhentan gátlista sem innihélt öll skilaverkefni og áætlanir sem nemendur áttu að uppfylla í þeirri námslotu. Þegar nemandi lauk við verkefni á þessum lista bar þeim að fá kvittun kennara því til staðfestingar. Foreldrar voru hvattir til að fylgjast með framvindu náms barna sinna með því að skoða þessa lista reglulega. Með þessu fyrirkomulagi og lotuskiptingu í námsgreinum gátu nemendur haft mikla stjórn á námsyfirferð og hraða. Við þurfum að efla eftirfylgni með sumum nemendum á næsta skólaári og vinna meira með gátlistana eftir.

Upplýsingamiðlun: Við notuðum mentor, tölvupóst og Facebook til þess að koma skilaboðum, fréttum og tilkynningum áleiðis til foreldra og nemenda. Umsjónarkennarar sáu um upplýsingaflæðið, sömdu pósta saman og sumar tilkynningar en annað eftir þörfum hvers og eins en allir teymismeðlimir voru meðvitaðir um hverju hinir voru að miðla. Sú nýjung var gerð á þessu skólaári að foreldrar fengu aðgang að Showbie til að geta fylgst enn betur með verkefnaskilum sinna barna og mæltist það vel fyrir. Upplýsingamiðlun innanhúss fór að stórum hluta fram í gegnum Sharepoint.

Kennsluhættir: Kennsluhættir voru svipaðir og undanfarin ár. Mikil áhersla er á sjálfstæði nemenda í náminu og lítið um beina kennslu í stórum hópum. Aukin áhersla á vandinám frá fyrri árum þar sem nemendur horfa á myndbönd þegar þeim hentar í tengslum við verkefnavinnu. Kennslan var að mestu greinaskipt og erum við byrjuð að ræða það hvort rétt sé að skoða meiri samþættingu náttúrufræði, samfélagsfræði og íslensku. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin. Sem fyrr er tæknin notuð talsvert mikið í námi og kennslu. Nemendur unnu mikið af skapandi verkefnum í iPad t.a.m. Kennarar nýttu sér ýmsan hugbúnað sem nýtist vel t.d. Showbie, Socrative, Nearpod, Explain Everything, Moodle, Playposit o.fl. Flest af þessu er frítt en greiða þarf fyrir Pro aðgang að Showbie og leggjum við til að það haldi áfram næstu ár. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið og hæfnikort nemenda uppfærð reglulega.

Lesið og kennt:

Íslenska

Kveikjur, Neistar og Logar. Skerpa 1 - 3. Laxdæla og ýmis ljósrit. Kjörbókarritgerð og heimildaritgerð.

- Stærðfræði

Nýtt lotukerfi byggt á Skalabókunum. Þrír nemendur í 8. bekk og tveir nemendur í 9. bekk voru með aðlagð námsefni sem miðast við hæfni miðstigs. Einn nemandi í 9. bekk var í stærðfræði 8. bekkjar. Fimm nemendur í 10. bekk voru með einstaklingsáætlanir allan veturinn sem tók mið af stöðuprófi að hausti, niðurstöðum samræmda prófsins 2017 og kröfum framhaldsskólans.

- **Samfélagsfræði**

Á ferð um samfélagið í 9.-10. bekk, Trúarbragðavefurinn og Heimsálfurnar í 8. bekk

- **Enska**

Áfangakerfi á Moodle, Málfræðilotur og ritunarverkefni í Teach Terrific Writing.

- **Danska**

Start og Smart í 8. bekk, Smart og Smil í 9. bekk, Ekko í 10. bekk.

- **Náttúrufræði**

Mannslíkaminn í 8.-9. bekk, Eðlisfræði 1 og 2 og Efnisheimurinn í 10. bekk.

Allar náms og kennsluáætlanir voru aðgengilegar á Mentor. Nemendur í 10. bekk tóku þátt í PISA könnun 11. apríl, áhersla var á mat á lesskilningi en að auki var kannað læsi á stærðfræði og náttúruvísindi.

Sérstaða skólans:

- **Uppbygging**

Bekkjarsáttmálinn var byggður á gildum skólans og var sýnilegur í stofu. Unnin voru hlutverkaspjöld (mitt og þitt hlutverk) og T spjöld (jákvæð samskipti eru og eru ekki).

- **Spjaldtölvur**

Mikið notaðar í unglingadeild í öllu okkar starfi.

- **Umhverfismennt**

Sinnt eftir bestu getu en það má alltaf gera betur.

Ferðir:

- **Haustferð**

Að þessu sinni var gengið um Leirárdal yfir í Skorradal og gist þar eina nótt. Veðrið var gott og ferðin sóttist vel. Þegar komið var í Skorradal komum við okkur fyrir og Grillmaster 3000 (Örn) grillaði dýrindis lambakjöt. Krakkarnir léku svo lausum hala, sumir fóru í vatnið á meðan aðrir kúrðu inni. Daginn eftir var morgunmatur og frágangur og svo heimferð í rútu. Báðir kennarar teymisins fóru í þessa ferð sem við teljum nauðsynlegt. Næsta haust er svo komið að hjólaferð frá Heiðarskóla upp í Skorradal.

- **Skólahreysti**

21. mars, daginn fyrir árshátíð skólans, tóku nemendur í unglingadeild þátt í Skólahreysti sem fram fór í TM höllinni í Garðabæ. Komust ekki á verðlaunapall að þessu sinni. Í ferðina fóru nemendur á miðstigi og unglingastigi til að styðja sitt lið, áður var farið í skemmtigarðinn í Smáralind og pizzu á Italiano pizzeria. Keppendur fóru með Erni í lasertag, pizzuhlaðborð og bío.

- **Lokaferð**

Í ár var ferðinni heitið í Þórsmörk og gistum við í Langadal 22. - 24. maí. Fyrsta daginn rigndi gríðarlega mikið og það var mjög hvasst þannig að sá dagur fór í kúr og spil. Annan daginn var mun betra veður og nýttum við hann vel til útiveru, gengið var um allar trissur, farið í hellaskoðun og eyddum við

nokkrum tíma í Húsadal. Grillveisla um kvöldið og svo fótbolti úti á túni fram eftir kvöldi. Á þriðja degi var vaknað snemma og heimferð hafin, því við áttum bókaðan tíma í lasertag í Gufunesi klukkan 12. Það var ótrúlega skemmtilegt og börnin nutu sín í botn. Eftir lasertag var svo öllum boðinn ís í Mosfellsbæ áður en heim var haldið. Ferðin var í alla staði skemmtileg og stemningin góð. Spurning um að panta skálann fyrr næst (strax að hausti) þegar farið verður í Þórsmörk svo við getum farið þegar okkur hentar best.

Viðburðir:

- **Haustgleði**

Þar sem nýir nemendur voru boðnir velkomnir og nemendur áttu skemmtilega kvöldstund saman.

- **Jólsen - jólsen mótið:**

Allir nemendur unglingadeildar tóku þátt í Jólsen – jólsen (ólsem – ólsen) sem haldið var daginn fyrir litlu jólin.

- **Árshátíð skólans**

Nemendur á unglingastigi sáu um stærra skemmtiatriðið á árshátíð skólans 22. mars. Unglingarnir voru með leikþátt saminn af Erni Arnarsyni sem hlaut nafnið 4 hljómar, þar sem meðal annars var notuð frumsamin tónlist. Undirbúningur og æfingar hófust ca. 3 vikum fyrir sýningu og var það passlegur tími. Þátttaka nemenda var með eindæmum góð og afraksturinn frábær. Árshátíðarundirbúningur var að auki unninn eftir skóla föstudaginn 16. mars og þá gistu nemendur í skólanum ásamt umsjónarkennurum. Leikritið var æft vel og þeir sem ekki voru í sýningunni unnu við skreytingar o.fl. með kennara.

- **Árshátíð unglingadeildar**

Framkvæmd alfarið í höndum nemenda 10. bekkjar. Það mátti hafa með sér gest/i ef vildi, hámark tveir gestir á hvern nemanda. Árshátíðin byrjaði kl. 19:30 og lauk kl. 22:30. Byrjað var á því að gæða sér á pizzum sem pantaðar voru frá Galito. Haldin var kosning um ýmsa titla: herra og ungfrú Heiðarskóli, prins og prinsessa, kóngur og drottning, Mr. Handsome o.fl. Við notuðum eingöngu salinn og neðri hæðina, það var myndaveggur í tónmenntastofunni og horft á myndband sem 10. bekkur hafði búið til í salnum. Það var almenn ánægja með árshátíðina.

- **Lyngbrekkuballið**

Haldið í Fannahlíð 26. apríl. Nemendur úr öllum samstarfsskólum mættu og tókst það frábærlega vel, allir mjög ánægðir. Nemendur í unglingadeild sáu um skreytingar og sjoppu. Sumum fannst heldur dýrt inná ballið, kr. 2.500 en hagnaður var talsverður.

Fyrirlestrar og heimsóknir:

- Vanda Sigurgeirsdóttir hélt fyrirlestur 30. ágúst um jákvæð samskipti sem forvörn gegn einelti.
- Sigga Dögg Kynfræðingurinn hélt fyrirlestur um kynlíf. Nemendur kusu að hafa umsjónarkennarana ekki með á þeim fyrirlestri.
- Óli Örn Atlason hélt fyrirlestur fyrir foreldra og síðan nemendur í 7. - 10. bekk um netöryggismál.
- Þorgrímur Þráinsson heimsótti okkur og hélt frábæran fyrirlestur um sjálfsstyrkingu, markmiðasetningu o.fl.

- Berent Karl Hafsteinsson hélt fyrirlestur 18. apríl um umferðaröryggi.
- Sigríður Lára Haraldsdóttir hélt fyrirlestur um enn betri skólabrag 16. apríl.

Niðurstöður:

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Vinnutímar
- Verkefnaskil á Showbie
- Gátlistar
- Nemendaviðtöl
- Manntal í upphafi dags
- Bekkjaskipting í náttúrufræði
- Stýrðari yfirferð í stærðfræði
- Námslotur, mat og hæfnikort á Mentor.

Það sem má bæta:

- Eftirfylgni með gátlistum. Láta skila þeim inn í lok tímabils áður en nýr er afhentur. Færa gátlistana inn í gagnagrunn svo heildaryfirsýn um hvern nemanda fáist.
- Öll verkefni á Showbie. Að leggja meiri áherslu á að nemendur setji afrit af öllum verkefnum inn á Showbie, þó þeim sé skilað á pappír, þá sem ljósmynd úr iPad
- Mentor. Að stofna öll verkefni sem lögð eru fyrir á Mentor og tengja við hæfniviðmið og matsviðmið þar sem við á. Meta öll verkefni þar.
- Markmiðasetning. Fylgja betur eftir að nemendur séu að stefna að sínum markmiðum.
- Einstaklingsviðtöl. Að hafa fyrirfram tímasett tímabil þar sem einstaklingsviðtöl skuli fara fram að lágmarki og gefa okkur betri tíma til viðtala utan þess tíma.
- Innlagnir. Að fjölga tímum þar sem ákveðnir nemendahópar koma saman með kennara og fá innlagnir, sérstaklega í íslensku og stærðfræði.
- Stuðningur. Að gera betur í því að mæta nemendum með sértæka námsörðugleika og finna úrræði þar sem nemendur fá tækifæri til að þróa styrkleika sína.

Lokaorð:

Í heildina litið erum við mjög ánægð með skólaárið, þó auðvitað sé margt sem hægt er að gera betur. Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum í okkar störfum, fengum endurgjöf frá matsaðilum í ytra mati og gátum alltaf fengið ráðleggingar og stuðning ef á þurfti að halda. Við gerðum okkar besta til að hafa lykilhæfni og grunnþætti menntunar í huga við skipulag og kennslu.

Vor 2018 Hugrún Olga Guðjónsdóttir og Örn Arnarson

7.4.4 Teymisskýrsla List- og verkefnateymis vorið 2018

Grunnupplýsingar:

- *Hverjir eru í teyminu, með hvað margar kest?*

Dóra Línal – tónmennt og valgreinar

Helena Bergström – myndmennt, smíði og valgreinar

- *Hvað eru margir nemendur í teyminu?*

Allir nemendur skólans.

Skipulag í teymi:

Hvernig var skipulagi hagað í teyminu? Segja frá og leggja mat á þættina, hvernig tókst til, vera gagnrýninin, koma með tillögur um betra verklag.

- *Verkaskipting – fundargerðir - sameiginleg ábyrgð allra í teyminu – hvernig gekk samstarfið í teyminu?*

Fundað var reglulega yfir skólaárið en þó ekki vikulega. Reynt var að hafa fundina eftir kennslu á fimmtudögum þar sem Dóra var þá að kenna í skólanum en einnig voru nokkrir fundir á þriðjudögum en þá án Dóru. Ekki var rituð nein fundargerð en fundirnir snérust aðallega að skipulagi valgreinakennslu þar sem ákveðin voru verkefni valtimabilsins, skipting nemenda í hópa og lengd valtimabilsins. Einnig vorum við með fundi vegna námsmatsvinnu og fyrir námsmat nú fyrir lok skólaárs. Ábyrgð var sameiginleg. Samstarfið gekk vel en ekki gekk alltaf að finna fundartíma þar sem við gátum allar þrjár hist. Björk og Helena funduðu oft og ræddu einnig starfið án þess að það væri á sérstökum fundartímum.

- *Helstu verkefni – starfsáætlun – lotur – markmið, voru þau sett?*

Sett var upp skipulag fyrir hvert valtimabil – þ.e. fyrir áramót og eftir áramót. Markmið voru sett fyrir hverja valgrein fyrir sig.

- *Kennsluhættir – fjölbreyttir kennsluhættir – lærdómsferli, var rætt um mismunandi kennsluhætti, hvað hentar, hvað virkar og hvað virkar ekki?*

Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru alla jafna mjög fjölbreyttir. Ekki var rætt um þá sérstaklega nema þá helst ef einhver vandamál komu upp. Þá bárum við saman bækur okkar og fengum stuðning hver frá annarri.

- *Upplýsingaflæði, hvernig og hvar var það?*

Upplýsingaflæði var nokkuð gott. Stofnað var sameiginlegt valgreinaskjal á onedrive sem hver og einn gat nálgast og breytt eftir þörfum.

- *Náms- og kennsluáætlanir – lágu þær fyrir, hvernig gekk að fylgja þeim eftir – hæfniviðmið aðalnámskrár, náðust þau?*

Náms- og kennsluáætlanir eru ekki eins í þeim fögum sem við kennum né hæfniviðmið aðalnámskrár. Þó bárum við þau saman og unnum saman námsmat vegna útskriftar 10. bekkjar.

- *Lykilhæfni - hvernig birtist hún í skólastarfinu?*

Í þeim verkefnum sem lögð voru fyrir nemendur í hverju fagi fyrir sig.

- *Grunnþættir menntunar – hvernig birtast þeir?*

Í þeim verkefnum sem unnin voru í hverju fagi fyrir sig.

- *Stuðningur stjórnanda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf?*

Stuðningur var góður ef við þurftum á honum að halda eða leituðum eftir honum.

- *Einstaklingsmiðun – samstarf vegna sérkennslu?*

Ekkert samstarf var vegna sérkennslu en verkefni voru miðuð að getu barna með frávik – einfölduð og kröfur minnkaðar. Þá fengu bráðger börn einnig verkefni við hæfi.

- *Sérstaða / áherslan skólans – uppbygging – spjaldtölvur – umhverfismennt?*

Við tileinkum okkur aðferðir uppbyggingar í starfi okkar dags daglega. Spjaldtölvur voru mis mikið notaðar en þó eitthvað í öllum eða flestum greinum ef það var hægt að koma því við. Umhverfismennt einnig komið að þegar hægt var – mismunandi eftir fögum.

Lokaorð:

Koma með heildarmat á teymisstarfið í vetur, koma með tillögur til úrbóta, hvaða bjargir þið þurfið, hvaða fræðslu og stuðning þið þurfið, rýna líka inn á við – var eitthvað sem þið gátuð gert betur, hvað?

Sökum þess hvernig þessi fög eru kennd er ekki mikið hægt að vera með samstarf á milli greinanna en það væri þó mögulega hægt að finna einhver verkefni sem gæti verið hægt að vinna í samstarfi. Forföll innan teymis gerðu það að verkum að fundir duttu töluvert niður.

Það væri gaman að fá að funda nokkrum sinnum á skólaárinu með list-og verkgreinakennurum á Akranesi til að bera saman bækur okkar og fá hugmyndir og reynslusögur. Við náðum ekki neinum svoleiðis fundi á þessu skólaári en viljum gjarnan bæta úr því á næsta ári.

Dóra, Helena og Björk, vorið 2018

7.4.5 Skólaípróttir 2018

Grunnupplýsingar:

1. *Hverjir eru í teyminu, með hvað margar kest?*

Helga Harðardóttir, 26 kst. Leikskólatímar til viðbótar

2. *Hvað eru margir nemendur í teyminu?*

1.-10. bekkur – 3 kennslustundir í viku á alla hópa.

Skipulag í teymi:

Hvernig var skipulagi hagað í teyminu? Segja frá og leggja mat á þættina, hvernig tókst til, vera gagnrýnin, koma með tillögur um betra verklag.

1. *Helstu verkefni – starfsáætlun – lotur – markmið, voru þau sett?*

Settar voru upp lotur, þemu fyrir ákveðnar íþróttagreinir dreifðar yfir veturinn í íþróttum, sundaðferðir fyrir sund. Ákveðinn stígandi var í ákefð og lengd verkefna yfir veturinn.

2. *Kennsluhættir – fjölbreyttir kennsluhættir.*

Leitast var við að hafa kennsluhætti eins einstaklingsmiðaða og hægt var, með ákveðni um bættan árangur og líkamsástand yfir veturinn.

3. *Upplýsingaflæði, hvernig og hvar var það?*

Mjög mikilvægt er að upplýsingar berist vel milli bygginga, þar sem nokkur fjarlægð er milli húsa og íþróttaaðstaðan nokkuð einangruð frá grunnskólanum. Fáir koma yfir og fer upplýsingaflæði fram símleiðis og í tölvupósti. Upplýsingaflæði var gott milli starfsmanna hússins og kennara.

4. *Náms- og kennsluáætlanir – lágu þær fyrir, hvernig gekk að fylgja þeim eftir – hæfniviðmið aðalnámskrár, náðust þau?*

Náms og kennsluáætlanir lágu fyrir á haustönn og tóku þónokkrum breytingum yfir veturinn. Bæði var kennari að koma að kennslu eftir nokkurra ára hlé og samsetning hópa komu nokkuð á óvart. Aðlaganir og útfærslubreytingar komu jafnt og þétt með aukinni reynslu og þekkingu á nemendahópnum. Hæfniviðmið voru ekki 100% uppfyllt vegna þeirra markmiða sem krefjast bóklegrar kennslu. Enginn bóklegur tími var á skólaárinu, en samningur gerður við umsjónarkennara að færa hluta námsefnisins inn í kennslustofu í lífsleikni/heimilis og náttúrugreinatímum. Útfærsluatriði þurfa að vinnast betur.

3. *Lykilhæfni - hvernig birtist hún í skólastarfinu?*

5. *Grunnþættir menntunar – hvernig birtast þeir?*

Eftirfarandi þættir eru til grundvallar í markmiðasetningu fyrir hvern námshóp fyrir sig með aðlögun að þroska og samsetningu hópanna. Matsviðmiðin byggjast á þessu.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:

- Hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mín á dag eða lengur - Taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir-, líkams- og heilsurækt (íþróttir og sund) með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi - Hafi grunnþekkingu á mikilvægi góðrar næringar og nægum svefni og hvíld.

JAFNRÉTTI:

- Stundi fjölbreytta hreyfingu án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi - Allir þátttakendur hafi sömu réttindi til þátttöku í íþróttum burt séð frá kyni, aldri, kynþætti og líkamlegu atgervi - Læri að taka tapi og sigri í leik og keppni - Hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:

- Hafi fengið tækifæri til að velja sér hreyfingu við hæfi, á vegum skólans eða í nærsamfélagi, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á val á námsþáttum - Hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. 3x í viku í 40 mín í senn

LÆSI:

- Fáir tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan - Þekki áhrif leikja og þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta, lungu, vöðva og taugakerfi - Þekki heiti helstu líkamshluta - Tileinki sér reglur í leikjum, geti skorið úr ágreiningi sem upp kemur á jákvæðan hátt - Læri að lesa í aðstæður/umhverfi, náungann og sjálfan sig - Tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja

SIÁLFBAERNI:

- Fáir tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi og lok reglubundinnar hreyfingar og skilja hvers vegna, þekki eigin takmörk og getu - Hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega og læri að nýta umhverfið til líkams- og heilsuræktar - Sé meðvitaður um gildi æfinga sem stundaðar eru í íþróttatímum
SKÖPUN:
- Fáir tækifæri til að búa til eða hanna reglur/ leik/dans/hreyfingu

6. Stuðningur stjórnanda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf?

Stuðningur stjórnanda er til staðar. Hef ekki þurft að leita mikið eftir því.

7. Einstaklingsmiðun – samstarf vegna sérkennslu?

Er alltaf að leitast við að breyta og aðlagja æfingar/verkefni að einstaklingum. Frávíksbörn hafa komið í hefðbundnar kennslustundir. Sérkennsla í sundi voru 4 kennslustundir fyrir 2 börn í 3. og 4. bekk. Samstarf við stuðningsfulltrúa hefur verið nokkuð, leiðbeiningar um æfingar sem hægt er að gera í skólahúsnæðinu (utan íþróttatíma) til að efla hreyfifroska og styrk almennt.

Lokaorð – Heildarmat

Til að taka saman skólaárið, þá hefur heilt yfir gengið vel. Samskipti við nemendur hafa gengið vel, gleði og mikil útrás hafa einkennt flesta tíma. Ég byggi næsta skólaár á reynslu eftir nokkurt hlé og tel að hægt sé að koma enn meira til móts við nemendur og bæta líkamsástand þeirra.

Fyrir næsta skólaár eru skólaheimsóknir mikilvægar, fylgjast með sundkennslu yngri barna, iðjuþjálfu fyrir frávíksbörn.

Það þarf að senda skýrari skilaboð til foreldra varðandi íþrótt- og sundföt, mikilvægi þess að mæta með réttan útbúnað og hreinlæti.

Það sem helst má bæta er að íþróttakennari fá sérkennslutíma fyrir börn sem eru með frávik. Bæði í íþróttum og sundi. Veruleg þörf er fyrir að auka úthald þeirra og styrk almennt. Einnig að börn á yngsta stigi fái enn meiri hreyfingu hjá íþróttakennara á skólatíma, líkt og aðrir skólar á Vesturlandi eru að gera nú þegar.

Helga Harðardóttir, Hvalfjarðarsveit, 30. maí 2018

7.4.6 Skýrsla náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2017-2018

Þetta skólaár hefur náms- og starfsráðgjafi hitt unglingastig einu sinni í viku og veitt nemendum í 10. bekk fræðslu um nám og störf. Fjallað er um ólík störf, hvað þau fela í sér og hvaða eiginleika og

menntun þarf til að gegna þeim. Sömuleiðis hafa nemendur fengið kynningu á vinnumarkaði í gegnum starfskynningar sínar og verkefni þeim tengdum. 10. bekkur hefur einnig fengið framhaldsskóla- kynningar, áhugasviðsgreininu og stutta kynningu á námstækni. Með 8. og 9. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi unnið að aukinni sjálfsþekkingu og þroska, eflingu samskiptafærni, rætt tilfinningar og áhrif þeirra á hugsanir og hegðun.

Náms- og starfsráðgjafi hefur hitt miðstig einu sinni í viku og unnið með 5. og 6. bekk í eflingu sjálfsmyndar, markmiðasetningu, kennt leiðir að betri samskiptum ofl. Með 7. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi unnið að aukinni sjálfsþekkingu og þroska, eflingu samskiptafærni, rætt tilfinningar og áhrif þeirra á hugsanir og hegðun.

Náms- og starfsráðgjafi hefur hitt yngsta stig einu sinni í viku og unnið að eflingu samskiptahæfni og tilfinningaþroska. Að auki hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með aðferðir Hugarfrelsis til að efla börn, þar er lögð áhersla á góða og djúpa öndun, slökun, hugleiðslu og sjálfsstyrkingu.

Einstaklings- og hópráðgjöf:

Náms- og starfsráðgjafi hefur veitt bæði persónulega- og hópráðgjöf varðandi félagsfærni og samskipti, námstækni, sjálfsstyrkingu ofl. á mið- og unglingastigi. Það hefði verið hægt að sinna þeirri ráðgjöf markvissara ef náms- og starfsráðgjafi væri með fleiri tíma til að sinna þessum þætti.

Önnur störf:

Náms- og starfsráðgjafi hefur setið í nemendarverndarráði, eineltisteymi, setið starfsmanna- og kennarafundi, sinnt endurmenntun, verið í samstarfi við aðra sérfræðinga, kynnt starf náms- og starfsráðgjafa og haft samráð við náms- og starfsráðgjafa í öðrum skólum.

Tillögur fyrir næsta skólaár:

Setja mætti á námskeið í sjálfstyrkingu bæði fyrir stúlkur og drengi á öllum stigum til að efla hæfni þeirra til að hagnýta gildi sín og lífsviðhorf í krafti sjálfsþekkingar. Efla hæfni þeirra til að velja og taka ákvarðanir samkvæmt eigin sannfæringu og áhuga og til að efla hæfni þeirra til að setja sér markmið. Einnig væri tilvalið að bjóða upp á val í unglingadeild með efni frá náms- og starfsráðgjafa t.d. námstækni, markmiðasetningu, sjálfsstyrkingu, núvitund, slökun, jóga, forvarnir ofl. Náms- og starfsráðgjafi bendir á að virkja mætti kennara betur í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa.

7.4.7 Skýrsla frá starfsfólki í tómstund 2017-2018

Tómstund var á mánudögum, fimmtudögum og föstudögum frá kl. 13:00 – 14:20. 40 börn voru í tómstund hverju sinni og fjórir starfsmenn.

Samvinnan var mjög góð hjá okkur starfsmönnum og við erum sammála um að vinna að skapandi starfi og allir fái að njóta sín. Gott að hafa festu n.k. skólaár með starfsmenn. Við höfum kynjaskipt nemendum og hefur það reynst vel og meiri ró í hópnum. Við höfum bekkjarskipt í leikinn og einnig haft frjálsan leik í íþróttasal og eru þau mjög ánægð með það. Veðrið spilar inn í starfið og reynum við að fara út og höfum val um að fara inn í seinni tímanum. En erum úti allan tímann ef veður leyfir. Við höfum skráð hugmyndir hvað við getum gert í tómstund og er það mjög fjölbreytt. Þeim upplýsingum er komið til skólastjóra.

Það sem gert var í tómstund í vetur: Lita, tússa, fuglafit, teikna, leira, sandleir, lego, búðarleikur, mömmó, spila, spilastund með unglingum, útivera, leiksund, Búkolludót í útiveru, smíða úr spýtum í útiveru, þarf að skoða það fyrir næsta vetur, unglingar komið og verið með sem er frábært, gönguferð niður að á, knex, skák, frjálst í íþróttasal, förum á bókasafnið í rólegan leik, kapla kubbar, frjálsan leik og góða samveru í leikstofu í upphafi tómstundar. Svo finnst okkur mjög gott að fá heimsókn frá skólastjórum og kennurum.

Svo þarf að yfirfara dótið eftir veturinn og huga að kaupa nýtt og spennandi dót í haust. Einnig að geta hvílt dót og tekið nýtt inn.

Frjálsi leikurinn er góður og reynslan hefur sýnt okkur hvað er gott að hafa val í frjálsum leik.

Höfum tekið tillit til kennara um stofur og bókasafn ef þeir eru að vinna þar og hefur það gengið vel.

Byrjum alltaf inn í leikstofu í hverjum tómstundartíma og hefur það reynst vel. Nemendur vita þá alltaf hvar á að mæta.

Mæta þarf nemendum í leik með dót sem við vitum að tikkar inn hjá þeim.

Huga þarf að fá smíðaefnivið sem hentar, minni spýtur og saum/litla nagla.

Sigga V., Berglind S., Sunneva og Sólrún, vorið 2018

7.4.8 Skýrsla frá starfsfólki í Frístund

Haustið 2017 hófst Frístund í Heiðarskóla. Til að byrja með var um tilraunaverkefni að ræða. Um áramót var ákveðið að halda verkefninu áfram. Gjald er innheimt fyrir Frístund. Frístund var starfrækt mán – fim frá kl. 14:30 – 16:30. Boðið var upp á 2 eða 4 daga í viku.

Skráning á fjöldi barna í Frístund á skólaárinu var eftirfarandi:

	2 dagar	4 dagar
sept	6	2
okt	8	2
nóv	11	2
des	9	4
jan	7	5
feb	6	10
mars	11	7
apríl	11	7
maí	8	5

Fjöldi barna hvern vikudag var eftirfarandi:

	mán	þri	mið	fim
sept	1 - ekki starfrækt	6	5	5
okt	1 - ekki starfrækt	8	6	7
nóv	1 - ekki starfrækt	8	8	7
des	4	10	11	11
jan	5	10	10	10
feb	6	12	14	13
mars	7	13	14	13
apríl	7	13	15	14
maí	5	11	10	10

Í upphafi sáu tveir starfsmenn um Frístund og skiptu á milli sín dögum, einn starfsmaður var því með hópinn hvern dag. Skráning í Frístund jókst þegar líða tók á skólaárið og í desember var fjöldi barna komin yfir 10 og þá var orðin þörf á fleiri starfsmönnum. Þriðja starfsmanninum var bætt við þri - mið frá kl. 14:20 – 16:00. Þegar mest var voru 15 börn skráð í Frístund. Á tímabili var engin Frístund á mánudögum þar sem einungis eitt barn var skráð.

Frístund hófst á hressingu kl. 14:30. Börnin mættu kl. 14:20 og fljótlega kom í ljós mikilvægi þess að starfsmaður væri á svæðinu að taka á móti börnunum, bætt var úr því. Eftir hressingu var yfirleitt farið í leikherbergi í frjálsan leik. Reynt var að mæta þörfum þeirra sem vildu fara út og þá var fylgst með börnum út um gluggann. Þegar þriðji starfsmaðurinn var kominn var auðvelt að mæta misjöfnum þörfum barna með inni og útileiki. Í leikherbergi var vinsælt að kubba, lita, tefla, teikna, búa til leikrit, leika með púða, kapplakubba, spila, leira, leika með leirsand, búðaleikur, eltingaleikur, fara í unglingarýmið, teikna og skrifa á töfluna.

Vorið 2018 var ákveðið að Frístund verði starfrækt næsta skólaár.

Heilt yfir gekk Frístund vel og margar hugmyndir komu fram um hvernig er hægt að bæta þetta frá ári til árs. Hlustað var á börnin og hugsað um tilbreytingu. Börnunum kennt að ganga frá þegar skipt var um leik. Börnunum virtist líða vel og ekki annað að heyra en foreldrar væru mjög ánægðir með Frístundastarfið.

Ásrún, Sígga V. og Berglind S., vorið 2018

7.4.9 Skýrsla frá bókasafni Heiðarskóla

Almennar upplýsingar um starfsárið 2017 - 2018:

Á bókasafninu störfuðu Jónella Sigurjónsdóttir og Jóhanna Sigríður Vilhjálmsdóttir.

Opnunartímar voru hvern virkan dag frá kl. 8.20-9.00.

Kennslustundir á bókasafninu voru fjórar í viku, fyrir 1.-4. bekk í Heiðarskóla. Auk þess heimsótti elsti árgangur leikskólans bókasafnið í skólaheimsóknum sínum. Ég tók á móti þeim fyrir áramót. Fyrir utan bókasafnskennslu vann ég í tvær klukkustundir á viku á safninu á viku fyrir áramót en þrjár eftir áramót.

Starfsemi á safninu:

Skráning safnkosts í Gegni hélt áfram um leið og skólinn opnaði. Í október var skráningunni að mestu lokið og var þá opnað fyrir rafræn útlán. Framkvæmdin gekk mjög vel.

Opnunartímar voru færri en áður, 40 mínútur á dag. Þetta skapaði talsvert álag þegar allir nemendur komu á sama tíma inn á safnið til þess að skila bókum og taka nýjar. Sigga Vill tók á móti þeim öllum og sá um að skila bókum inn í Gegni og skrá bækur á nemendur. Stundum myndaðist löng röð á safninu. Allir tóku þessu með jafnaðargeði en þó má segja að á meðan starfmaður er fastur við tölvuna getur hann ekki gefið nemendum góð ráð varðandi lestur bóka. Börnin hafa einmitt verið mjög dugleg við að leita eftir hugmyndum hjá starfsmanni að næstu bók og því leiðinlegt að geta ekki sinnt þeim jafn vel og áður.

Elsti árgangur leikskólans kom u.þ.b. einu sinni í viku í kennslustund á bókasafninu. Í þessum tímum var lesin fyrir þau bók og svo léku þau sér. Yngsta stig grunnskólans fékk einnig bókasafnstíma einu sinni í viku. Í þessum tímum var ýmist lesin fyrir þau bók eða stuttur kafli úr ýmsum bókum á safninu til þess að kynna þeim safnkostinn. Stutt verkefni voru unnin upp úr efni. Þau lásu sjálf og skoðuðu bækur. Einnig unnu þau í vinnubókum sem heita Mýsla sýslar á skólasafni og Meira sýsla á skólasafni.

Tómstund fór að einhverju leyti fram á safninu, sérstaklega eftir hádegi á mánudögum og föstudögum. Þá voru börnin á safninu í rólegum leikjum og spilum, lituðu myndir og teiknuðu.

Í samstarfi við íslenskukennara í unglingadeild var útbúin lestraráskorun fyrir unglinga. Einnig var útbúinn bókalisti yfir þær ungmennabækur sem eru á safninu til þess að auðvelda unglingunum að velja sér bækur.

Í desember var kosið um bókakaup næsta árs. Stuðst var við bækur í Bókatíðindum og allir nemendur skólans fengu þrjá kjörseðla. Bækurnar sem fengu flest atkvæði voru keyptar fyrst og keypt voru tvö eintök af vinsælustu bókinni.

Við tókum í fyrsta sinn þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns, Lestrarhetjur Ævars. Þátttakan var mjög góð í Heiðarskóla.

Nokkrar tölur:

Í lok maí 2018 voru 2814 eintök skráð á safnið. Lánþegar voru 117.

Útlán yfir skólaárið 2017-2018 voru 2794.

Í júní voru 24 bækur í vanskilum en rukkað var eftir öllum bókum í tölvupósti.

Jónella Sigurjónsdóttir, vorið 2018

7.4.10 Samantekt tölvuumsjónarmanns

Tölvuumsjónarmaður sér um að tölvubúnaður skólans sé í lagi. Í Heiðarskóla eru 12 fartölvur sem kennarar hafa til umráða, 21 borðtölva og um 120 spjaldtölvur sem bæði starfsfólk og nemendur hafa aðgang að. Borðtölvurnar eru orðnar gamlar og fór töluverður tími í að halda þeim í lagi. Helstu álagspunktarnir voru í byrjun skólaársins þegar ég þarf að sjá til þess að öll tæki séu í lagi og virka. Fljótlega eftir áramót er líka álagspunktur þegar 25 nýjar spjaldtölvur eru settar í umferð.

Sigurður Tómasson, vorið 2018

7.4.11 Samantekt húsvarðar

Helstu verkefni húsvarðar á skólaárinu voru að sjá um niðurföll, fylgjast með loftræstingu og endurræsa eftir þörfum, ljós, skipta um perur, klór og eftirlit með sundlaug, mæla aflestur, mokstur við inngang og við brunaútganga, hálkuvarnir, stillingar og tilfærsla á húsgögnum, samstillta klukkur reglulega, sorp og ýmis tilfallandi verkefni.

Bjarni Guðjónsson, vorið 2018

7.4.12 Samantekt matráða

Helstu verkefni matráða eru að sjá morgun- og hádegisverð, ávaxtastund, hressingu í frístund og öll þrif í mötuneyti. Einnig sjá matráðar um önnur tilfallandi verkefni t.d. kaffiveitingar á fundum þegar gestir eru í húsi. Matráðar sjá um að panta allt inn fyrir mötuneytið og gera matseðla í samráði við matráð í Skýjaborg. Í innkaupum er sparnaður hafður í huga ásamt því að versla í heimabyggð og kaupa íslensk matvæli eins og hægt er. Í skólanum er boðið upp á hollan heimilismat sem eldaður er frá grunni. Matráðar vinna mjög vel saman og verkin ganga smurt fyrir sig, jafnvel án orða. Heilt yfir gekk síðasti vetur mjög vel.

Sigga K. og Kata G., vorið 2018

7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2017-2018

Hér koma skýrslur frá Skýjaborg. Í ár er það ein skýrsla. Aðstoðarleikskólastjóri skrifaði skýrslu um hvernig staðið er að menntun og þroska barna, foreldrasamstarf og annað samstarf á skólaárinu.

7.5.1 Leikskólastarf í Skýjaborg

Menntun og þroski

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólastarfi. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs; leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Í námskrá eru þau aðgreind til að tryggja hverju og einu sinn sess í daglegu starfi í leikskólanum. Unnið er að markmiðunum í daglegu starfi,

skipulögðu hópastarfi og leik. Í aðalnámskrá fyrir leikskóla eru skilgreindir grunnþættir menntunar sem eru: sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði, heilbrigði og velferð og læsi. Eiga þessir grunnþættir að verða leiðarljós við námskrágerð. Grunnþættirnir eru skilgreindir í skólanámskrá.

Daglegt líf í Skýjaborg snýst um leik, verkefni og samskipti sem gefa börnunum tækifæri til að læra á eigin forsendum og þróa skapandi hugsun og gleði, bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki, umhverfi sínu og öllum lifandi verum, vera skapandi einstaklingar sem blómstra í samfélagi við aðra, njóta hreyfingar úti og inni og neyta hollrar fæðu, leika sér með efnivið sem er skapandi og fræðandi, nema í gegnum leikinn og styrkja vinaböndin.

Mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu og til þess að barnið geti verið öruggt um til hvers sé ætlast af því.

Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans og þar fer fram mikið nám og gefst gott tækifæri til að sinna hverjum og einum og vinna með námssviðsmarkmið og gildi.

Á hvorri deild er unnið að markmiðum skv. þroska og getu þeirra einstaklinga sem þar eru hverju sinni. Deildarstjórar vinna áætlanir sem byggja á markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá og deildarnámskrám. Starfsfólk vinnur skv. þessum áætlunum með barnahópnum hverju sinni.

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barna. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Til viðbótar við leikinn og athafnir daglegs lífs er starfið byggt á skipulögðum stundum til að ná fram uppeldis- og námssviðsmarkmiðum leikskólans. Leikurinn er áfram í forgrunni í skipulögðum stundum.

Sérkennsla fer fram inni á deildum eftir því sem hægt er, með sérfræðingi ef þarf. Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu/stuðningi að halda og unnið í nánú samstarfi við sérkennara og sérfræðinga hverju sinni.

Í vetur unnu barnahópar með þemu með aðferð könnunaraðferðarinnar líkt og hefur verið gert undanfarin ár. Unnin voru verkefni á eldri deild um regnbogann, kisur og greppikló ásamt fjölda minni verkefna. Inn í verkefnin fléttast síðan byrjendalæsi/leikskólalæsi og tengjum við umhverfismennt og grænánaverkefni inn í öll þemu. Á yngri deild var unnið með þemað “ég sjálf/ur” og líkamann, ásamt mörgum öðrum minni verkefnum.

Síðastliðinna þrjá vetur hafa starfsmenn verið að þróa jóga starf með börnunum. Jóga er hluti af lífsleikniáætlun leikskólans þar sem slökun er kynnt fyrir börnunum. Líkt og í öllu starfi í leikskóla er lagt með að stundirnar sé leikur sem veitir gleði. Jafnframt er lagt upp með að jóga ýti undir einbeitingu, slökun, liðleika, hreyfingu, snertingu, jafnvægi í sál og líkama og sjálfsaga.

Samstarf við samstarfsaðila

Slökkvilið á Akranesi hefur verið í samstarfi við skólann. Slökkviliðsstjóri heimsótti leikskólann á haustönn og ræddi við börnin. Þá fór elsti árgangur í heimsókn á slökkvistöðina í vetur.

Hjúkrunarfræðingur kom í skólann og sinnti 4 ½ árs skoðunum barna.

Skólastjórnendur hafa verið í samstarfi við birtuskóla í vetur. Birta er samstarf fjögurra leikskóla sem leggja allir áherslu á jóga og umhverfismennt.

Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólinn veitir foreldrum stuðning og viðbót við það uppeldi sem börn fá heima. Foreldrar þekkja barn sitt best þar sem þeir hafa fylgst með þroskaferli og líðan frá fæðingu, kennari í leikskóla kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrasamvinna í leikskólanum byggir að mestu á daglegum samskiptum við foreldra þegar þeir koma með börnin eða sækja þau. Leitast er við að taka vel á móti foreldrum og börnum og að allir finni að þeir eru velkomnir í leikskólann.

Í daglegum samskiptum er foreldrum veittar upplýsingar um líðan barnsins og hvað helst hefur drifið á daga þess í leikskólanum. Í leikskólanum er að finna upplýsingablöð þar sem hvíldartími barna er skráður, hvernig matartímar hafa gengið fyrir sig og upplýsingar um verkefni dagsins eru skráðar á skilaboðatöflu í fataherbergi. Útbúin eru mánaðardagatöl sem sett eru upp í fataherbergi. Með því gefst foreldrum tækifæri á að fylgjast með viðburðum hvers mánaðar.

Heimasíða leikskólans er nýtt til að veita upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Þar er einnig að finna skráningu á leikskólastarfinu í formi mynda, matseðil, almennar upplýsingar og fréttir úr leikskólastarfinu.

Leikskólinn heldur úti Facebook síðu og "Like" síðu á facebook til að kynna skólastarfið og einnig lokaða hópá fyrir hvora deild þar sem deildarstjórar setja inn efni. Síðan hefur mælst vel fyrir hjá foreldrum.

Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er vel virkt stendur að ýmsum viðburðum á skólaárinu. Foreldrafélag skipar fulltrúa í skólaráð. Hlutverk skólaráðs (foreldraráðs) skv. lögum um leikskóla er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð (foreldraráð) hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Upplýsingar um foreldrafélag má finna á heimasíðu skólans.

Þegar barn hefur leikskólagöngu sína koma foreldrar með barninu og dvelja með því í leikskólanum þar til það er orðið öruggt að vera eitt. Í byrjun skólaárs er foreldrum boðið að koma á foreldrafund til að fræðast um leikskólastarfið og hvernig starf vetrarins mun fara fram.

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, í október og mars. Góð þátttaka var í viðtölunum og gekk vel að fá foreldra til að skrá sig. Almenn ánægja foreldra er með upplýsingar sem þeir fá um börnin sín í viðtölunum og starfsfólk ánægt með skipulagið á þeim.

Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir, júní 2018

7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Hér fyrir neðan er farið yfir daga og viðburði á skólaárinu þar sem skólastarfið er brotið upp, sameiginlega, í Skýjaborg og í Heiðarskóla.

7.6.1 Sameiginlegir dagar og viðburðir

21. sept: Fyrsti skólasamstarfsdagurinn, 1. bekkur heimsótti Skýjaborg.

30. okt: Sara Margrét, Kristín Norðdahl og leikskólakennari frá Ástralíu, Vikki Hartog, heimsóttu skólann og kynntu sér útinám.

6. nóv. Skólasamstarfsdagur - stjörnuhópur og 1. bekkur í skógarferð.

16. nóv: Dagur íslenskrar tungu, nemendur í 3. bekk lásu fyrir leikskólabörn.

17. nóv: Dagur íslenskrar tungu, Ævar Þór, rithöfundur, var með upplestur á báðum sviðum.

28. nóv: Jólaleikritið Strákurinn sem týndi jólnum í Skýjaborg fyrir börn leikskólans og nemendur í 1. bekk.

14. febrúar – 21. mars: Danskennsla

13. mars: Skólasamstarfsferð í Borgarnes, Stjörnuhópur og 1. bekkur.

2., 3. og 4. maí: Starfsnám í 10. bekk. Vorskóli. Stjörnuhópur í Heiðarskóla. Allir bekkir færðust upp um einn og mátuðu sig við skipulagið á næsta skólaári.

7.6.2 Skýjaborg

Vel hefur gengið að skipuleggja daga og viðburði á skólaárinu tímanlega. Dagatal fyrir hvern mánuð hjálpar til við það. Dagatal er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl voru tvisvar á árinu. Ein vika í október og ein í mars. Viðtölin gengu mjög vel, en þurfti að seinka foreldraviðtölum á annarri deildinni nú á vorönn vegna veikinda. Við ákváðum að hafa kynningu á vetrastarfinu inn í foreldraviðtölum að hausti og leggja niður kynningardaga.

Elsti árgangur vann í sögukeppni á degi kennarans 5. október: Börnin gerðu sögu saman um "**Hvernig er góður og traustur kennari**". Sagan þeirra heitir *Kennarinn með blaðið í fanginu sínu* og sendu inn í smásagnakeppni. 5. apríl fór hópurinn ásamt deildarstjóra og leikskólastjóra í Hörpuna til að fá verðlaunin afhent. Þarna sýndu börnin okkur hvað góð samvinna skilar sér vel.

Alþjóðlegi bangsadagurinn, náttfatadagur 27. október: Þá máttu allir koma í náttfötum í leikskólann og með sinn bangsa ásamt því var haldið var náttfataball kl. 9:05.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember: Dagurinn var nýttur í að leggja aukna áherslu á það við börnin að vera góðir vinir. Farið var yfir efnið “Súpervinur” á eldri deild.

Piparkökubakstur, 29. nóv og piparkökur skreyttar 4. desember: Börn og starfsfólk hjálpaðist að við skera út piparkökur í ýmsum stærðum og gerðum. Börnunum var velkomið að koma með kökukefli, piparkökuform og svuntu að heiman og nýttu einhverjir sér það. Þetta var svo allt nýtt í sameiningu. Börnin á dropnum gerðu litlar kúlur úr súkkulaðibitadeigi og smakkaðist það mjög vel.

Kveikt á jólatrénu, 5. desember: Börn og starfsfólk notuðu gott veður í útiveru til að fara og kveikja á jólatrénu hjá stjórnsýsluhúsinu. Við gengum í kringum jólatréð og sungum nokkur jólalög, gott veður og gekk mjög vel. Eftir að búið var að kveikja á jólatrénu þá var okkur boðið í sála og kleinu í stjórnsýsluhúsinu.

Fullveldishátíð 1. desember: Þá voru stjörnuhópur með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla. Þau sungu saman lagið Dýrin í Afríku, allir skemmtu sér mjög vel.

Jólaaðventukaffi 6. Desember: Börnin buðu foreldrum og vandamönnum í piparkökur og súkkulaðibitakökur sem börnin bökuðu sjálf.

Þjóðarsamsöngur vegna dags íslenskrar tónlistar 7. desember: Öll börnin og starfsfólk hittust á regnboganum og tókum þátt í að syngja með allri þjóðinni í gegnum stjórnar á rás 2 (útvarpinu). Sunginn voru þrjú lög, gaman fyrir börnin að taka þátt í þessari upptöku.

Litlu jólin, 13. desember: Þá var haldið jólaball um 10 leytið þar sem jólasveinn mætti (í boði foreldrafélagsins) (kl. 10:30). Þetta var alveg frábær jólasveinn sem söng og dansaði með okkur, gaf börnunum mandarínur (úr eldhúsi). Í hádegismatinn var svo jólamatur bayonskinka og meðlæti. Börnum var velkomið að mæta í fínni fötum.

Dótdagur, 11. Janúar: Þá máttu börnin koma með dót að heiman.

Karlakaffi, 19. janúar: Á bóndaginn var öllum körlum í lífi barnanna boðið í karlakaffi frá 8:30-9:30. Gekk vel og passlega langur tími. Sumir fengu að kíkja inn fyrr og var það í góðu lagi. Fyrir kaffið höfðu börnin teiknað pabbamynd sem hengdar voru upp.

Þorrinn: Á þorranum æfa börnin þorralög og einn dag var haldið þorrablót. Að þessu sinni var þorrablótið á sama degi og karlakaffið, eða 19. janúar.

Tannverndarvika, 5-9.feb: Þá var unnið með tannvernd á báðum deildum ásamt því að börnin gera skemmtileg verkefni tengd því. Tannfræðingur er starfandi í leikskólanum og höfðum við hann til halds og trausts. Hann hélt fræðslu fyrir alla hópa á regnboganum. Kom með tanngarð og burstu að heiman og sýndi börnunum.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans höfðum við grænan dag, allir máttu mæta í einhverju grænu. Börnin fengu andlitsmálningu og við gerðum vöflur í tilefni dagsins.

Heimsókn á slökkviliðstöð 9. febrúar: Elsta árgangi í leikskóla (2012) á Akranesi og Hvalfjarðarsveit var boðið í heimsókn á slökkvistöðina í dag. Þráinn slökkvistjóri tók á móti börnunum og sagði þeim frá 112 deginum sem er á sunnudaginn og svo var horft á nýja mynd með Gló og Loga. Í henni var farið yfir mikilvægi þess að hafa reykskynjara í húsum, slökkvitæki tiltæk, eldvarnarteppi í eldhúsum o og hringja í 112 ef upp kemur eldur. Eftir áhorfið fengu börnin nokkuð frjálssar hendur að skoða slökkviliðsbíla, máta hjálma og sprauta vatni úr slöngu. Börnin komu spennt til baka í leikskólann og höfðu frá mörgu að segja.

Bolludagur 12. febrúar: Boðið var upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómobollur (vatnsdeigs) í kaffitíma. Fyrir helgina gerðu börnin á yngri deild bolluvendi og fóru með heim.

Sprengidagur 13. febrúar: Boðið var upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 14. febrúar: Allir máttu koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá komu allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið var ball. Eftir ballið var í boði að horfa á teiknimynd. Eldri hópurinn á Dropanum saumuðu öskupoka.

Konukaffi 23. febrúar: Í tilefni konudags 18. febrúar er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi kl. 8:30-9:30. Börnin útbjuggu mömmumyndir sem hengdar voru til sýnis.

Dans: Í 5 vikur í febrúar og mars er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa. Námskeiðið var mjög vel heppnað og náði kennarinn vel til barnanna. Elstu börnin á dropanum fengu að taka þátt og gekk það mjög vel.

Menningarferð, 13. mars: Skólasamstarfið skelkti sér í menningarferð til Borgarness. Við fórum á sögusafnið og bókasafnið. Latabæjarsafnið og Bjössaróló. Svo enduðum við á því borða á Landnámssetrinu.

Blái dagurinn – áfram einhverfir 6. apríl: Allir hvattir til að klæðast einhverju bláu til stuðnings einhverfra.

Rafmagnslaus dagur, 8. mars: Þá var ekki notað rafmagn inn á deildum. Ekki var hægt að rista brauð í morgunmat og var gaman að fylgjast með umræðum barnanna þegar þau veltu því fyrir sér að það væri ekki hægt án rafmagns. Undantekning var á að uppvottarvélin fékk að ganga, hellt var upp á kaffi og starfsfólk í undirbúningi og skrifstofu gat notað tölvu. Dagurinn gekk vel í heildina, mjög skemmtilegur í morgunsárið. Engin hræðsla var á litlu börnunum. Rafmagnskertin gerðu mikið fyrir börnin og rætt var að gaman væri að eiga fleiri kerti, c. Eitt á mann á eldri deildinni.

Dagur umhverfisins, 25. apríl: Allir fóru út og tíndu rusl í nærumhverfi leikskólans.

Umferðarvika, 28-31. maí: Þá var aukin áhersla á umferðarfræðslu og var hjóladagur 31. maí. Þá máttu öll börnin koma með hjóla að heiman. Fengið var leyfi til að loka planinu hjá Stjórnsýsluhúsinu og

börnin fengu að hjóla þar. Einnig var á tímabili hjólað á gangstéttinni fyrir framan stóra garðinn og þótti það mjög skemmtilegt. Umræða kom upp meðal starfsfólks að leikskólinn þyrfti að eiga nokkra hjálma því ekki komu öll börn með hjálm og hjól. Með því að skipa þeim að vera á leikskólahjólum innan lóðarinnar væri mismunur á milli barna. Í ár og síðustu ár hefur starfsfólk reddað hjálum fyrir þau börn sem ekki hafa komið með hjálm.

Sveitaferð, 23. maí: Þá var farið í hina árlegu sveitaferð að Bjarneyjarsandi. Gekk hún mjög vel líkt og síðustu ár.

Rýmingaræfing, 24. maí: Haldin var rýmingaræfing með börnunum. Æfingin var um kl. 9:15, starfsfólk vissi af henni og var undirbúið. Slökkviliðsstjóri mætti á svæðið og fylgdist með hvernig til tókst. Allt gekk vel og rætt var við börnin í framhaldi um ástæðu æfingarinnar.

Bleikur dagur, 25. maí: Ákváðum að hafa bleikan dag og diskó ball. Börn og starfsfólk mættu í einhverju bleiku og var mjög gaman. Eftir þennan dag var rætt um að hafa bleikan dag tengdan bleikum október.

Vorskóli elstu barna: 2., 3. og 4. maí voru útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fóru börnin með skólarútunni að heiman, sóttu Heiðarskóla þrjá heila daga. Dagarnir gengu mjög vel að sögn barna og starfsfólks Heiðarskóla. Starfsmaður í stuðning var í Heiðarskóla þessa daga.

Vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu: Sett var upp vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu líkt og síðustu ár. Þar var hluti af afrakstri vetrarins settur upp og sýndur almenningi.

Útskrift, 16. maí: Börnin æfðu atriði og sýndu. Börnin fengu svo afhent skírteini og birkiplöntu að gjöf. Að lokum gæddu allir sér á veitingum af glæsilegu hlaðborði sem fjölskyldur hjálpuðust við að útbúa.

Rýmingaræfing, 24. maí: Við settum kerfið á og rýmdum leikskólann. Allt gekk mjög vel. Í samtali við slökkvistjóra kom upp mikilvægi þess að hafa hlið út af leikskólalóð sem snýr að Stjórnsýsluhúsinu. Slökkvistjóri ætlaði að koma þeim skilaboðum áleiðis til þeirra sem málið varðar.

Útskriftarferð, 29. maí: Skógrækt Akranesi/ávaxtastund-Bókasafn-Galito-Langisandur. Lagt af stað með rútu kl.9:10 og ekið í skógræktina á Akranesi. Þar var dvalið u.þ.b. klukkutíma við leik og ávaxtastund. Um 10:30 var lagt af stað á Bókasafnið. Á leiðinni skoðuðum við bátinn Sigurfara, þræddum stíga og göngugötur, spáðum í umferðarljós og merktar gangbrautir. Þessi ganga tekur u.þ.b. hálf tíma, margt að sjá á leiðinni. Stoppað á bókasafninu ca. 20 mín. *Þeim á bókasafninu finnst betra að fá að vita að við séum væntanleg.* Göngum yfir á Galitó þar eigum við pantað kl. 11:30 pizzuhlaðborð, franskar, safa, brauðstangir og sósar ásamt fullorðins pizzu. Þessi máltíð tók góðan hálf tíma. Um 12:15 fórum við á Langasand og dvöldum þar í einn tíma. Rútan sótti okkur 13:15. Þennan dag var blautt á, þungubúið og mikill vindur. Börnin voru glöð og kát og allir voru ánægðir með hvernig til tókst.

Útidótadagur, 20. Júní: Þá máttu börnin koma með útidót. Síðustu ár hefur verið valin veðurgóður dagur. Spáð var rigningu þennan dag og ákvað starfsfólk að sjá hvernig dagurinn yrði. Hann gekk vel og sólin kíkti á okkur.

7.6.3 Heiðarskóli

Ágúst:

- Skólasetning Heiðarskóla. Haldin utandyra í blíðskaparveðri, nemendur lásu upp ljóð og sungu. Skólastjóri setti skólann. Náms hópar hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentar stundatöflur. Kaffiveitingar í lokin.
- Haustferðardagur, miðstig í Skorradal, yngsta stig í fjöruferð við Súlunes og unglingastig gekk yfir Skarðsheiði.
- Jákvæður skólabragur, Vanda Sigurgeirsdóttir var með fyrirlestur og námskeið fyrir alla náms hópa í jákvæðum samskiptum. Fyrirlesturinn var í boði Ungmennafélagsins.
- Miðstigsleikar í Borgarnesi - samstarfsskólarnir.

September:

- Dagur læsis, nemendur og starfsmenn lásu saman í matsalnum í upphafi dags.
- List fyrir alla kl. 8:30. Hljómsveitin Milkywhale spilaði fyrir nemendur Heiðarskóla.
- Dagur íslenskrar náttúru, skólastarfið fór fram í Brynjudal.
- Teknar upp kartöflur.

Október:

- Nemendur og starfsmenn á yngsta stigi heimsóttu Klébergsskóla.
- Áslaug Jónsdóttir, rithöfundur, heimsótti miðstig Heiðarskóla í tengslum við Barnamenningarhátíð. Miðstig sótti einnig Barnamenningarhátíð á Akranesi. Heimsókn í Brekkubæjarskóla, opnunaratriði, hádegisverður og heimsókn í Landmælingar Íslands.
- Þemavika, umhverfismennt, lýðheilsa, opinn dagur í lok viku.
- Laugar í Sælingsdal, skólabúðir fyrir 9. bekk.
- Norræna skólahlaupið
- Tveir kennaranemar í vettvangsnámi, kynntu sér íslenskukennslu á öllum stigum og innviði skólastarfsins.
- Nemendur í unglingadeild sóttu tæknimessu í FVA.

Nóvember:

- Jól í skókassa. Einhverjir nemendur tóku þátt í verkefninu. Börnin söfnuðu ýmsu gagnlegu í skókassa og það síðan sent til Úkraínu. Markmið verkefnisins er að fá börn og fullorðna til að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika.
- Þorgrímur Þráinsson hélt fyrirlestur fyrir nemendur í 8. - 10. bekk - "Verum ástfangin af lífinu"
- Heimboð fyrir starfsmenn í gamla Heiðarskóla.
- Ratleikur í tengslum við Dag íslenskrar tungu í aldursblönduðum hópum.
- Sigga Dögg, kynfræðingur, með fræðslu fyrir nemendur á mið- og unglingastigi í boði Foreldrafélagsins
- Ytra mat - vettvangsheimsóknir og rýnihópaviðtöl í Heiðarskóla.
- Fullveldishátíð Heiðarskóla. Miðstig, elsti árgangur Skýjaborgar og 1. og 2. bekkur sáu um atriði á sýningunni.

Desember:

- Viðhorfskönnun bókasafnsins um bókakaup: Allir nemendur skólans fengu 3 atkvæðaseðla og gátu valið bækur. Vinsælustu bækurnar voru keyptar á bókasafnið.
- Nemendur í 3. bekk heimsóttu Slökkvistöðina á Akranesi.
- Jólaball samstarfsskólanna á Varmalandi fyrir unglinga.
- Dagur íslenkrar tónlistar - þjóðarsöngur.
- Óli Örn Atlason, uppeldis og menntunarfræðingur, hélt fræðsluerindi um áhrif samfélagsmiðla á sjálfsmynd unglinga fyrir foreldra og nemendur í 7. - 10. bekk.
- Matarsóunarverkefni í umhverfismennt þar sem nemendur vigtuðu eigin matarleifar í viku.
- Nemendur í 10. bekk fóru í Álfholtsskóg og völdu jólatré fyrir skólann. Þeir sáu um að saga tréð og koma því á bíl. Skógræktarfélag Skilmannahrepps aðstoðaði krakkana og bauð þeim upp á kakó og smákökur í Furuhlíð.
- Jólamorgunstund - foreldrum boðið í söng og morgunverð, margir höfðu með sér smákökur.
- Litlu jólin í Heiðarskóla

Janúar:

- Skíðaferð unglingadeildar
- Varðeldur í morgunsárið, söngur og heitt súkkulaði.

Febrúar:

- Þorrablot Heiðarskóla.
- Rafmagnsmæling.
- Þroskaþjálfanemi í vettvangsnámi í 3 vikur.
- 7. bekkur í skólabúðum á Reykjum í Hrútafirði.
- Öskudagur – söngstöðvar, búningar og hæfileikakeppni Heiðarskóla.
- Verkefnið "3 dagar" kynnt á miðstigi. Samstarfsverkefni Rauða krossins, Almannaþarna og Heimilis og skóla.

Mars:

- Heiðarskóli keppti í skólahreysti í TM höllinni í Garðabæ. Fjölmennst stuðningsmannalið fylgdi hópnum og notaði tækifærið og fór einnig út að borða og í skemmtigarðinn í Smáralind.
- Árshátíð Heiðarskóla, 3. og 4. bekkur ásamt unglingadeild sáu um skemmtiatriði.
- Miðstig þáði heimboð í Skógarskóla. Persónur úr tölvuleikjum, kvikmyndum eða bókum voru til umræðu og skoðunar.
- Stóra upplestrarkeppnin í Heiðarskóla

Apríl:

- Benni Kalli með umferðafræðslu fyrir 9. og 10. bekk. Fræðslan var forvarnarverkefni sem greitt var af sveitarfélaginu.
- Þemadagar "Enn betri skólabragur", fræðsluerindi fyrir alla nemendur skólans um jákvæðan skólabrag og góð samskipti, ráðgjöf frá Erindi.
- Stóra upplestrarkeppnin – Vesturlandshluti, haldin í Heiðarskóla.

- Dagur umhverfisins. Umhverfisráðstefna, umhverfisnefndin kynnti nýjan sáttmála skólans og Guðrún Sóley flutti erindi um lýðheilsu og sjálfbærni. Rafmagnslaus dagur, hreinsun og borðað úti.
- Lyngbrekkuball - samstarfsskólarnir á Vesturlandi, haldið í Fannahlíð

Maí:

- Survivordagur Furuhlíð. Uppbrotsdagur, þemað var lýðheilsa.
- Gróðursetningardagur
- Árshátíð unglingadeildar
- Yngsta stig Klébergsskóla heimsótti yngsta stig Heiðarskóla.
- Vorferðir í 1. – 7. bekk, yngsta stig fór á Bjarneyjarsand, miðstig fór í Reykholt og Borgarnes. Unglingastig fór í tveggja náttu gistiferð í Þórsmörk.
- Unicef – hreyfingin, nemendur skólans hlupu áheitahlaup og söfnuðu a.m.k. 124.000 kr. fyrir Unicef.

1. júní:

- Íþróttadagur Heiðarskóla. Töltkeppni.
- Skólaslit Heiðarskóla

Sundhópur: Hópur fólks úr Hvalfjarðarsveit sótti sundleikfimi á mánudögum og miðvikudögum í vetur. Hópurinn borðaði hádegisverð í skólanum. Á vorönn voru nokkrir úr hópnum sem tóku að sér að vera “lestrarvinir”. Þeir hlustuðu á nemendur á mið- og unglingastigi lesa. Verkefnið mæltist vel fyrir og var almenn ánægja með það.

Morgunsöngur: U.þ.b. einu sinni í mánuði söfnuðust nemendur og starfsmenn saman og sungu nokkur lög.

Rýmingaræfingar: Tvær rýmingaræfingar voru haldnar á skólaárinu, önnur undirbúin og hin óundirbúin.

Tónlistarskólinn á Akranesi: Tónlistarskólinn á Akranesi hélt úti kennslu í Heiðarskóla þrjá daga í viku. Kennt var á gítar á mánudögum og píanó á þriðjudögum og föstudögum. Nemendur Tónlistarskólans héldu eina tónleika í Heiðarskóla og nokkrum sinnum voru haldnir hádegistónleikar í matsalnum. Nemendur komu einnig fram á Fullveldishátíð, Stóru upplestrarkeppninni og skólaslitum.

Litadagar: Nokkrum sinnum voru litadagar hjá okkur, þá voru nemendur og starfsmenn hvattir til að klæðast ákveðnum lit. Tilefni voru ýmis: bleikur dagur – forvarnardagur gegn krabbameini, blár dagur – dagur einhverfu, rauður dagur – jólin.

Óveðursdagar: Skólahald var felld niður í þrjá daga vegna óveðurs eða slæmrar veðurspár. Jafnframt var heimkeyrslu flýtt tvisvar sinnum vegna slæmrar veðurspár.

8 Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla á foreldraráð að starfa í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Samkvæmt lögum má sameina þessi tvö ráð í sameinuðum skóla og var það gert í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar árið 2011. Starfsáætlun og helstu verkefni skólaráðs má finna í skólanámskránni: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/skólanámskrá>.

8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í skólaráði sitja skólastjórar, tveir foreldrar af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði sem stjórn foreldrafélagsins velur, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltúri grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltúri úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólaráð 2017 – 2018:

- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla
- Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
- Sigurbjörg Friðriksdóttir, kennari og deildarstjóri í Skýjaborg
- Sigríður Björk Kristinsdóttir, grunnskólakennari í Heiðarskóla
- Jóhanna Sigríður Vilhjálmsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna í Heiðarskóla
- Marie Greve Rasmussen, foreldri
- Inga María Sigurðardóttir, foreldri
- Elín Ósk Gunnarsdóttir, foreldri
- Bjarki Rúnar Ívarsson, nemandi
- María Björk Ómarsdóttir, nemandi
- Andrea Þ. Björnsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Skólaráð fundaði fjórum sinnum á skólaárinu. Á haustfundi var farið yfir hlutverk og starfsáætlun skólaráðs. Starfsáætlanir lagðar fram til samþykktar. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá árinu áður lögð fram. Á öðrum fundi var farið í fjárhagsáætlun komandi árs. Á þriðja fundi var farið yfir drög að skóladagatali næsta árs og rekstur skólans 2017. Á vorfundi var farið yfir starfsmannabörf og fyrirkomulag næsta skólaárs. Fundargerðir skólaráðs má finna á slóðinni:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/foreldrar>

8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í stjórn foreldrafélagsins sitja 6 foreldrar, þrír fulltrúar grunnskólans og þrír fulltrúar leikskólans, auk tveggja starfsmanna af sitthvoru sviðinu.

Stjórn foreldrafélags skólaárið 2017-2018:

- Elín Ósk Gunnarsdóttir fulltrúi leikskólans - formaður
- Guðlaug Ásmundsdóttir fulltrúi leikskólans - ritari
- Anna Rósa Guðmundsdóttir fulltrúi grunnskóla - gjaldkeri
- Marie Greve Rasmussen fulltrúi grunnskólans - áheyrnafulltrúi í fræðslu- og skólanefnd, fulltrúi í skólaráði

- Inga María Sigurðardóttir fulltrúi leik- og grunnskólans - fulltrúi í skólaráði
- Ásta Jóna Ásmundsdóttir fulltrúi leikskóla - fulltrúi í skólaráði og í fræðslu- og skólanefnd

Foreldrafélagið fundaði fimm sinnum á skólaárinu og má finna fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/foreldrar>.

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum.

9 Fagfundir

Fagfundir eru starfsmannafundir þar sem ákveðin mál eru tekin til rýningar og starfsfólk fær tækifæri til að ræða saman og auka vitneskju sína á málefninu. Nokkrir fundir voru á skólaárinu:

9.1 Sameiginlegur fagfundur – fyrir hvað stendur Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar?

Einn sameiginlegur starfsmannafundur Leik- og grunnskóla var haldinn 11. apríl 2018. Yfirskrift fundarins var: Fyrir hvað stendur Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar? Sameiginlegir fletir og sérstaða sviðanna. Eftirfarandi spurningar voru teknar til umræðu í hópum á fundinum:

- a. Hvernig tryggjum við gæði náms og kennslu?
- b. Hvernig einstaklinga viljum við senda frá okkur að loknu námi í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar?
- c. Hvað viljum við að börnin læri hjá okkur?
- d. Hvað einkennir fagmennsku í skólastarfi?

Einnig voru eftirfarandi spurningar ræddar í fámennum hópum:

- a. Hvernig er góður leiðbeinandi í leikskóla?
- b. Hvernig er góður húsvörður?
- c. Hvernig er góður stjórnandi?
- d. Hvernig er góður leikskólakennari / deildarstjóri?
- e. Hvernig er góður matráður?
- f. Hvernig er góður stuðningsfulltrúi?
- g. Hvernig er góður skólaliði?
- h. Hvernig er góður grunnskólakennari?
- i. Hvernig er góður sérkennari?

9.2 Fagfundir í Skýjaborg

9.2.1 Stærðfræði í Skýjaborg

Umræða tekin á skipulagsdegi 15. september 2017 með starfsfólki. Starfsmenn ræddu allir saman. Helstu niðurstöður má sjá hér:

Spurningar sem við spurðum okkur:

- Hvað gerum við í Skýjaborg til að ýta undir stærðfræðináms leikskólabarna?
- Hvar sést stærðfræði hjá okkur?
- Hvaða leikir/leikefni er stærðfræðitengt?
- Hvaða hugtök eru stærðfræðihugtök?
- Notum við og leggjum áherslu á stærðfræðihugtök?
- Bækur tengdar stærðfræði?
- Söngvar og þulur tengdar stærðfræði?

Þessi listi er ekki tæmandi og má bæta inn í hann þegar fleiri hugmyndir bætast inn í.

Einnig ræddum við að við höldum upp á Dag stærðfræðinnar. Þá hefur verið farið í ýmis konar flokkun með börnunum og gert súlurit með eldri börnum.

Dropinn

Efniviður:

- Kubbar: einingakubbar, dublo, burstakubbar, plúskubbar (stórir) o.fl.
- Púsl
- Numcion
- Stórar perlur
- Pinnar
- Leir
- Bækur
 - Geiturnar þrjár
 - Grísirnir þrír
 - Gullbrá og birnirnir þrír
 - Svarta kisa
 - Lúlu kann að telja

Söngur/tónlist:

- 1 og 2 og 3
- 5 litlir apar
- Þulur
- Uglan (það var eitt sinn ugla með oddhvasst nef)
- Taktur

Í samskiptum:

- Talning 1-10. T.d. hvað eru mörg börn o.fl.
- Vikudagar ræddir
- Notað í umræðum í leik með börnunum.
- Grunnform.

Sjónrænt:

- Tölustafir á veggjum
- Form
- Í fataherbergi, hvað á klæða sig fyrst í, svo næst.
- Afmælisdagatal

Regnboginn

Efniviður:

- Kubbar: einingakubbar, dublo, lego, plúskubbar (stórir og litlir), festukubbar, o.fl.
- Púsl
- Numcion
- Litlar perlur – mynstur
- Pinnar

- Leir
- Spil
- Teningar
- Ipad leikir
- Bækur
 - Geiturnar þrjár
 - Grísirnir þrír
 - Gullbrá og birnirnir þrír
 - Svarta kisa
 - Lúlu kann að telja
 - Talnapúkinn
 - Sigga og tröllskessan
 - Glói geimvera og tölurnar
 - Einn og tveir inn komu þeir

Söngur/tónlist:

- 1 og 2 og 3
- 5 litlir apar
- Þulur
- Uglan (það var eitt sinn ugla með oddhvasst nef)
- Taktur

Í samskiptum:

- Talning – við matarborðið, í fataherbergi, í leiknum.
- Vikudagar ræddir
- Notað í umræðum í leik með börnunum.
- Grunnform.
- Par – stærri/minni – Undir/yfir – til hliðar – plús/mínus – fyrir framan/aftan – bakvið – ofan í – þungur/léttur – fremstur/aftastur

Sjónrænt:

- Tölustafir á veggjum
- Form
- Í fataherbergi, hvað á klæða sig fyrst í, svo næst.
- Afmælisdagatal
- Upp á vegg inn í litla herbergi. Talning.

Leikur að læra

Regluleikir:

Dimma limm.

9.3 Fagfundir í Heiðarskóla

9.3.1 Skóli fyrir öll börn

Umræða var tekin innan starfsmannahópsins um hvernig við skilgreinum "skóli fyrir öll börn". Starfsmenn ræddu saman í fámennum hópum, helstu niðurstöður umræðunnar má sjá hér:

- Að öll börn fái að njóta sín að einhverju leiti – finni að þau tilheyri.

- Námsumhverfi sem kemur til móts við alla nemendur á þeim tíma og stað sem þeir eru staddir á þá og þegar.
- Bjóða upp á sérkennslu í list- og verkgreinum, sérstaklega fyrir eldri nemendur sem eiga erfitt.
- Skóli þar sem öll börn, óháð getu, þroska, kynþætti og fleira, geti stundað nám, fengið tækifæri til að mennta sig og þroskast félagslega í góðu umhverfi og samfélagi.
- Skóli þar sem allir fá tækifæri til að verða besta útgáfan af sjálfum sér með tilliti til náms- og félagslegrar stöðu.
- Skóli sem mætir ólíkri getu nemenda óháð vitrænni, líkamlegri og félagslegri færni þeirra. Mætir kröfum með námsefni og aðferðum sem eflir þroska þeirra.
- Skóli þar sem öll börn eru velkomin en fá þau úrræði og stuðning sem þau þurfa og ekki sé horft í fjármál í því samhengi.
- Nám við hæfi.
- Sérdeild fyrir þá sem það þurfa.
- Skóli þar sem allir fá að njóta sín, hæfileikar fá að njóta sín og eru nýttir til náms, sem og list- og verkgreinar. Fötlunargreining, kyn, kynferði og trúarlegur bakgrunnur á aldrei að vera fyrirstaða.
- Öll börn velkomin ef þau vilja koma og stunda hér nám. Þurfum að mæta námslegum og félagslegum þörfum allra og hafa til þess nægan mannafla og fjármagn.
- Skóli þar sem öll börn eru velkomin, ná mestu mögulegum framförum og líður vel.
- Að nægilegt fagfólk sé til staðar til að taka á mismunandi þörfum barna. Að allir séu upplýstir um hvað er verið að vinna með einstaklinga. Að fjármagn sé nægjanlegt til að hægt sé að gera allt sem hægt er til að hjálpa öllum.
- Þegar barn kemur inn í skólakerfið þarf að bregðast strax við þörfum þess burt séð frá greiningu og aðlaga skólann að barninu. Mikilvægt er að auka stuðning til að bregðast við allri flórunni ásamt því að horfa út fyrir bókina/rammann til þess að aðlaga efnið til þess að efla styrkleika hvers nemanda.
- Gott samstarf við foreldra og fá foreldra með í að móta börnin í að verða besta útgáfan af sjálfum sér svo árangur náist. Hugmynd: Halda fund/fræðslu með foreldrum í upphafi skólaárs um hvers er ætlast til af foreldrum og nemendum til að þeir nái árangri í skóla án aðgreiningar. Fullorðnir eru fyrirmynd! Hugmynd: Einstaka kennarar ná betur til einstaka nemenda. Er hægt að skoða hvort kennari og einstaka nemandi fái „einkatíma“ í að ræða t.d. líðan, markmið, ánægju....? Gæti það lagað líðan, hegðun og fleira hjá nemendum?
- Í Heiðarskóla ná allir nemendur árangri. Við trúum því að allir geti lært og við leggjum okkur fram við að finna þær aðferðir sem henta hverjum og einum nemanda okkar. Við tryggjum að allir nemendur fái tækifæri til þess að nýta hæfileika sína og áhugasvið í námi.
- Námsumhverfi sem mætir námslegum og félagslegum þörfum allra nemenda svo styrkleikar þeirra fái að njóta sín.

Markmið umræðunnar var að finna leiðarljós Heiðarskóla fyrir "Skóli fyrir öll börn".

Niðurstaða:

Leiðarljós - Skóli fyrir öll börn.

Í Heiðarskóla ná allir nemendur árangri. Við trúum því að allir geti lært og við leggjum okkur fram við að finna þær aðferðir sem henta hverjum og einum nemanda okkar. Við tryggjum að allir nemendur fái tækifæri til þess að nýta hæfileika sína og áhugasvið í námi.

Leiðir:

- Gott samstarf við foreldra og fá foreldra með í að móta börnin í að verða besta útgáfan af sjálfum sér svo árangur náist.
- Fræðslu með foreldrum í upphafi skólaárs um hvers er ætlast til af foreldrum og nemendum til að þeir nái árangri í skóla án aðgreiningar. Fullorðnir eru fyrirmynd!
- Námsumhverfi sem mætir námslegum og félagslegum þörfum allra nemenda svo styrkleikar þeirra fái að njóta sín.
- Að nægilegt fagfólk sé til staðar til að taka á mismunandi þörfum barna.
- Að allir séu upplýstir um hvað er verið að vinna með einstaklingum.
- Úrræði og stuðningur við hæfi hvers og eins t.d. aðkoma stuðningsfulltrúa, einkatímar með kennara sem barnið treystir, ræða líðan, markmið og ánægju.
- Sameiginleg ábyrgð allra starfsmanna.
- Samtal og samvinna innan teyma og á milli teyma.

10 Heiðarborg

Í Heiðarborg fer fram íþróttakennsla fyrir nemendur Heiðarskóla og elsta árgangs Skýjaborgar. Starfsmaður skólans er í fullu starfi í baðvörslu í kvennaklefa og þrífum á skólatíma. Húsvörður skólans sinnir baðvörslu í karlaklefa í 1. - 5. bekk.

Aðstaða Heiðarborgar er eftirfarandi;

- 12,5m innisundlaug
- Íþróttasalur
- Tækjasalur

Á starfstíma Heiðarskóla, skólasetning til skólaslita, er Heiðarborg opin fyrir almenning kl. 16:00 – 21:00 á mánudögum til fimmtudags og á laugardögum frá kl. 10:00 – 15:00. Íþróttamiðstöðin lokaði í jólaleyfi skólans en var opin í páskaeyfi. Einn starfsmaður er á vakt á almennum opnunartíma Heiðarborgar. Aðgangur í Heiðarborg er ókeypis.

Mæting í Heiðarborg ágúst 2016 - maí 2018:

	2016 - 2017	2017 - 2018
Ágúst	67	67
September	256	206
Október	260	225
Nóvember	270	132
Desember	193	139
Janúar	247	233
Febrúar	265	141
Mars	272	287
Apríl	163	176
Maí	136	158
Júní		17
Samtals:	2129	1781

Viðhald er snýr að ásýnd Heiðarborgar var töluvert sumarið 2017, skipt var um gólfefni, málað og dittað að ýmsu. Varðandi öryggismál er búið að skrúfa loftplötur fastar í íþróttasal, á eftir að skoða grindur fyrir glugga sem valdið hafa slysum og rör og horn er skaga út úr veggjum og hafa valdið slysum. Brunaútgangur er virkur. Þarf að skoða húsið með tilliti til aðgengis fatlaðra, samkvæmt ytra mati sem gert var á Heiðarskóla í vetur erum við ekki að uppfylla kröfur í Heiðarborg.

Einnig má benda á að íþróttasalur telst lítill og uppfyllir ekki þarfir um stærð miðað við grunnskólakennslu.

Miðað við það fjármagn sem Heiðarborg hefur þá verður áfram einn starfsmaður á vakt á almenningsopnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar.

11 Viðhengi 1 - Starfsmannasamtöl Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2017-2018

Starfsmannasamtal Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2017-2018

Markmið þessa starfsmannasamtals er að stjórnandi og starfsmaður setjist niður í góðu tómi og ræði um þau atriði sem mikilvæg er fyrir frammistöðu starfsmanns og vinnustaðinn. Samtalið skal vera gagnrýnið, uppbyggilegt og umfram allt gagnlegt. Helstu niðurstöður og athugasemdir eru skráðar á þetta blað. Innihald þessa blaðs er ætlað skólastjóra en flokkast að öðru leyti sem trúnaðarmál.

Samtalið gengur út frá neðangreindum þáttum en einnig er gefinn kostur á að ræða önnur mál. Með hverjum þætti fylgir smá gátlisti sem er alls ekki tæmandi né hugsaður til að afmarka umræðuna.

Þar sem að starfsmaður á að gefa sitt mat er ætlast við einkunnagjafir sem síðan er birt opinberlega fyrir skólann í heild sinni. Kvarði í matinu er: 1, 3, 5, 7, 9

Annað sem kemur fram í samtalinu og þarfnast úrbóta er sett í farveg, kynnt fljótlega á starfsmannafundi og hrint í framkvæmd þar sem verkefnum er raðað niður á dagsetningar.

Með þessu eigum við að geta haldið betur utanum;

- Hvern einstakling
- Hreyfingar milli ára fyrir einstakling
- Hreyfingar milli ára fyrir heildina
- Hreyfingar milli ára milli starfshópa

Uppgjör og eftirfylgni:

- Uppgjörsskýrsla og helstu niðurstöður birtar
- Viðbragðsáætlun birt
- Verkáætlun birt

Ánægja í starfi:**Mitt mat:** _____

(Hvernig hefur líðan þín í starfi verið undanfarinn vetur? Hvað ertu ánægð(ur) / óánægð(ur) með í starfinu? Hvað er hægt að gera betur? Hvað getur þú gert betur?)

Sjálfsmat:**Mitt mat:** _____

(Leggðu mat á sjálfan þig m.t.t. frumkvæðis, fagmennsku, jákvæðni, þjónustulundar o.fl. Hverjir eru styrkleikar þínir í starfi? Hvað ert þú að gera vel í vinnunni? Hvað myndir þú vilja bæta hjá þér í starfinu? Markmið?)

Samskipti og starfsandi á vinnustaðnum:

(Leggðu mat á sjálfa(n) þig m.t.t. daglegra samskipta og samvinnu, hefða og venja á vinnustaðnum, upplýsingaflæðis o.fl. Hvað er gott? Hvað má betur fara og hvernig?

- a) Gagnvart vinnufélögunum (Ríkir starfsgleði, samvinna, tillitssemi og virðing? Hvernig eru þín samskipti við aðra starfsmenn? Hvað get ég gert betur? Hvernig er starfsandinn?)

Mitt mat: _____

b) Gagnvart foreldrum (Jákvæð samskipti / neikvæð samskipti? Tenging og traust?

Uppbyggileg samskipti? Erfiðleikar með samskipti?)

Mitt mat:

c) Gagnvart börnum (Jákvæð samskipti / neikvæð samskipti? Tenging og traust?

Uppbyggileg samskipti? Erfiðleikar með samskipti? Hvað getur þú gert til að bæta samskipti við börn?)

Mitt mat: _____

Stjórnun á vinnustaðnum:

Mitt mat: _____

(Upplýsingaflæði, samskipti, vinnuskipulag, stuðningur, boðleiðir, stjórnun, áherslur í starfi, gegnsæi)

Vinnuaðstaða, vinnuálag og kröfur:

Mitt

mat: _____

(Er þér ljóst hvaða kröfur eru gerðar til þín í starfi? Aðalnámskrá, kjarasamningar, starfslýsingar, endurmenntun, áherslur skólans o.fl. Er álag í vinnunni? Hvað veldur álaginu? Færðu að taka þátt í mótun starfs og starfsumhverfis? Tillögur að breytingum á vinnuaðstöðu? Tillögur um breytt vinnuskipulag?)

Fræðsla og starfsþróun:

Mitt

mat: _____

(Hvaða símenntun hefur starfsmaður sótt síðasta ár? Hvar vantar upp á hæfni og kunnáttu? Aukin menntun? Sækja námskeið? Lestrarefni? Tilfærsla í starfi? Ný verkefni?)

Verkferlar og vinnubrögð sem mætti bæta:

(Upplýsingaflæði, handbók starfsmanna, starfslýsingar, starfsmannadagatal, náms- og kennsluáætlanir, vinnuskipulag, boðleiðir, stefnur / reglur / áætlanir o.fl. Hvað getur þú bætt hjá þér með vinnuferla og vinnubrögð?)

Frammistöðumat	Mjög gott	Gott	Má bæta	Aðgerðir
Sameiginlegt mat stjórnanda og starfsmanns				
Starfskunnátta/fagþekking				
Frumkvæði og sjálfstæði				
Þjónustulund				
Samvinna				
Framkoma og viðmót				
Virðing gagnvart samstarfsaðilum (foreldrum, börnum, nærumhverfi, skólanefnd, sveitarstjórn og fl.)				
Snyrtimennska og umgengni				

Vönduð vinnubrögð				
Samviskusemi og stundvísi				
Sveigjanleiki/ vilji til umbóta				
Þagnarskylda				
Annað				

Annað:

(Eitthvað sem viðkomandi aðilar vilja ræða um og skrá sérstaklega? Athugasemdir / ábendingar?)

Ósk um starfsstöð /-svið /-hlutfall fyrir næsta skólaár:

(Kennarar: kennsla námsgreina, starfshlutfall, teymisvinna, yngsta / mið / elsta stig. Almennir starfsmenn: ný verkefni, starfshlutfall, deildir)

Fyrsta ósk: _____

Önnur ósk: _____

Þriðja ósk: _____

Dagsetning: _____ Starfsmaður: _____

Stjórnandi: _____

Mitt mat / stig samtals: _____

Mitt mat / meðaltal: _____